FRÉTTABLAÐIÐ
267. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. NÓVEMBER 2019



Draumurinn um að komast beint í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu karla árið 2020 fjaraði út í Istanbúl í gærkvöldi. Nú þarf að treysta á umspil í mars. Sjá síðu 14 NORDICPHOTOS/GETTY

# Báðu Samherja um ráð til að blekkja veiðiheimildir út úr Grænlendingum

**Framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar bað félaga sína í Samherja um ráðleggingar varðandi það hvernig beita mætti blekkingum á Grænlandi til að komast mætti yfir veiðiheimildir og afla velvildar heimamanna.**

**VIÐSKIPTI** Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, óskaði eftir leiðbeiningum frá stjórnendum Samherja varðandi það hvernig blekkja mætti Grænlendinga til að komast yfir veiðiheimildir og velvild.

„Sælir félagar. Þannig er mál með vexti að vinir okkar í Grænlandi, Henrik Leth, var að biðja mig að setja niður fyrir sig hvað þyrfti til í fjárfestingum, veiðum, vinnslu og hafnarmannvirkjum ef menn myndu vera setja upp fiskimjöls og uppsjávarverksmiðju í Ammasalik austurströnd Grænlands,“ útskýrir Gunnþór í tölvuskeyti til Aðalsteins



Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar.

Helgasonar, Jóhannesar Stefánssonar og manns hjá Samherja sem hefur netfangið siggi@samherji.is.

„Hann er ekki að hugsa um að setja neitt upp, heldur eru einhverjir heimamenn í Grænlandi með einhverja með sér í því að reyna ná kvótum og goodwill af stjórnvöldum með því að þykjast vera fara byggja upp á Austur Grænlandi,“ undirstrikar Gunnþór í pósti sínum. „Eigið þið ekki tilbúna einhverja svona punkta þó svo að þeir eigi við um Afríku?“

Samherjamennirnir taka vel í beiðni Gunnþórs. „Það er kannski spurning um að taka frá Marokkó, hvað segirðu um það?“ spyr Jóhannes í svarskeyti og beinir þá spurningunni til áðurnefnds Sigga. „Gunnþór, ertu að leitast eftir einhverju ýtarlegu eða bara í kynningarformi?“ spyr hann síðan stjórnanda Síldarvinnslunnar.

„Nei, bara punktum hvað þarf,“ svarar Gunnþór Ingvason.

Umræddur póstur Gunnþórs, sem birtur er orðrétt, var sendur 30. apríl 2014 og er hluti skjala sem Wikileaks hefur birt. Pósturinn ber yfirskriftina: Að nema nýjar lendur.

Aðalsteinn Helgason var einn af lykilstarfsmönnum Samherja í á þriðja áratug þar til hann lét af störfum 2016, sama ár og Jóhannes Stefánsson, sem síðar varð uppljóstrari varðandi meinta mútustarfsemi Samherja í Namibíu.

Henrik Leth, sem nefndur er hér að framan, er stjórnarformaður Polar Seafood sem mun vera stærsta fyrirtæki í einkaeigu á Grænlandi.

Gunnþór vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu. – **gar**

## Átta tíma vinnustöðvun starfsmanna á fjölmiðlum

**KJARAMÁL** Samninganefndir Blaðamannafélags Íslands, BÍ, og Samtaka atvinnulífsins, SA, funduðu hjá ríkissáttasemjara í gær án árangurs. Þar var lagt fram nýtt tilboð frá SA sem samninganefnd BÍ fundaði um og gerði í kjölfarið gagntilboð. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir gagntilboðið óaðgengilegt.

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ, segist ekki bjartsýnn á að samningar náist í bráð.

Klukkan 10 í dag hefst næsta lota verkfalls ljósmyndara, tökumanna og blaðamanna á vefmiðlum. Í síðustu viku stóð vinnustöðvunin til klukkan 14, en að þessu sinni mun vinnustöðvunin standa til klukkan 18. Verkfallið nær til miðla Fréttablaðsins, Morgunblaðsins, Sýnar og RÚV.



Rakel Þorbergsdóttir, fréttastjóri RÚV.

Rakel Þorbergsdóttir, fréttastjóri RÚV, segir ljóst að þetta muni hafa áhrif á starfsemina. „Við reynum að gera þær ráðstafanir sem við getum en allt innan þess ramma að við erum ekki að kalla neina í tökumannshlutverkið,“ segir Rakel.

BÍ hefur kært meint verkfallsbrot hjá mbl.is til félagsdóms. Málið verður þingfest á þriðjudag. – **sar**







## Veður



Suðaustan 15-23 og talsverð rigning eða slydda sunnan og vestan til með morgninum. Hægari og úrkomulítið norðan- og austanlands. Lægir og styttir að mestu upp vestan til síðdegis, en sunnan 13-18 og dálítil væta um landið norðaustanvert. SJÁ SÍÐU 18



Sorpa í Álfsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvetja fólk til minni sóunar

**UMHVERFISMÁL** Evrópsk nýtnivika hefst næstkomandi laugardag. Markmið átaksins er að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu og nýta hluti betur sem leiði til minni úrgangs. Í ár er lögð áhersla á fræðslu um úrgangsmál undir slagorðinu „Minni sóun – minna sorp“.

Umhverfisstofnun stendur í vikunni fyrir viðburðum í tengslum við átakið. Fyrirtæki og almenningur eru hvött til að kynna sér úrgangsmál og breyta neysluvenjum sínum.

Á heimasíðu stofnunarinnar eru hugmyndir sem fyrirtæki og stofnanir geta nýtt sér. Þannig sé hægt að efna til flokkunarkeppni milli deilda, setja markmið um hærra endurvinnsluhlutfall og standa fyrir fyrirlestrum um flokkun. – sar

## Hverfisgata opnuð á ný

**REYKJAVÍK** Hverfisgata hefur nú verið opnuð á ný, en þar hafa staðið yfir framkvæmdir eins og kunnugt er. Rekstraraðilar við götuna hafa opinberlega lýst vandræðum sínum á meðan á framkvæmdum stóð og hafa kallað eftir skýringum á töfum sem orðið hafa á framkvæmdunum. Upphaflega var fyrirhugað að umferð yrði hleypt á Hverfisgötu aftur í lok ágústmánaðar en það varð ekki fyrr en nú. – jþ

## Hlustað á spillingarumræðu



Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fylgdist af áhuga með sérstökum umræðum um spillingarmál. Mikið var rætt um Samherja og athafnir félagsins í Namibíu, en Kristján Þór var stjórnarformaður Samherja fyrir tveimur áratugum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Víkur úr sæti tímabundið

**VIÐSKIPTI** Þorsteinn Már Baldvinsson hefur vikið tímabundið úr starfi forstjóra Samherja á meðan rannsókn fer fram á starfsemi fyrirtækisins í Namibíu. Björgólfur Jóhannsson verður forstjóri og fer í leyfi frá Íslandsstofu á meðan.

Rannsóknin verður gerð af lögmannsstofunni Wikborg Rein og heyrir beint undir stjórn Samherja.

Þorsteinn Már sagði í samtali við Vísi í gær að hann víki þar sem honum blöskraði umræðan um Samherja og vildi með því reyna að róa umræðuna. Sagði hann aðgerðir fyrirtækisins standast skoðun og að hann óttaðist ekki að lenda í fangelsi. – ab



Þorsteinn Már Baldvinsson.

# Eftirlegukindur draga áfram dilk á eftir sér

**Matvælastofnun vill enn að Seyðfirðingar borgi reikning vegna björgunar kinda úr Bjólfi í fyrra. Heimamenn töldu sjálfir aðgerðina hættulega og vísa ábyrgð á hendur Matvælastofnun sem réð björgunarsveit af Héraði í verkið.**

**SEYÐISFJÖRÐUR** „Matvælastofnun er að reyna að láta okkur borga aðgerð sem við vorum búin að meta sem hættulega,“ segir Rúnar Gunnarsson, formaður bæjarráðs Seyðisfjarðar.

Matvælastofnun vill að Seyðfirðingar borgi 804 þúsund króna reikning frá björgunarsveitinni Héraði á Fljótsdalshéraði. Fram kemur í bréfi stofnunarinnar að henni hefði 30. janúar í fyrra borist ábending um fé á útigangi hátt uppi í hlíðum Bjólfs. Þar væri djúpur snjór og jarðlaust og féð því bjargarlaust. Þáverandi bæjarstjóri hefði upplýst að vitað væri af fénu en að félagar í björgunarsveitinni Ísólfi á Seyðisfirði hefðu hafnað því að taka að sér að bjarga skepnunum.

Sagði Matvælastastofnun ljóst að ákvæði um hjálparskyldu í lögum um dýravernd hefðu verið brotin. Félagar úr Björgunarsveitiinni Héraði á Fljótdalshéraði hafi verið fengnir til að aðstoða við björgun kindanna sem farið var í hinn 1. febrúar. Um hafi verið að ræða fé af tveimur bæjum í Seyðisfirði. Ætlar Matvælastofnun þeim að taka þátt í kostnaðinum.

„Fjallskilastjórinn á Seyðisfirði var búinn að meta að það væri hættulegt að reyna að ná þeim niður svo það var ákveðið að fara ekki héðan. Matvælastofnun tók upp á því upp á eigin spýtur að senda björgunarsveitarmenn ofan af Héraði til þess að bjarga þeim,“ útskýrir Rúnar Gunnarsson, formaður bæjarráðs Seyðisfirði.

Rúnar og Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri benda á að björgunarsveitarreikningnum hafi áður verið hafnað af Vilhjálmi Jónssyni, fyrrverandi bæjarstjóra. Aðalheiður segir Matís á Egilsstöðum hafa viðurkennt að þarna hafi verið gerð mistök er tekið var fram fyrir hendurnar á fjallskilakóngi Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skýrt væri í fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur að leitast ætti við að bjarga fé úr fjalli en aðeins ef það þætti fært.

„Það þótti ekki forsvaranlegt að fara eftir fénu á þeim tímapunkti sem stjórnandi aðgerða vildi enda aðstæður óhagstæðar á þeim tímapunkti. En þá valdi stjórnandi aðgerða að fá björgunarsveitina á Héraði í verkið,“ segir Aðalheiður. „Eftir því sem ég kemst næst þá var mikið glæfraverk að fara í Bjólfinn á þessum degi og aðstæður mjög erfiðar.“

Átta kindum mun hafa verið bjargað niður úr Bjólfi þennan dag. Nokkrar kindur sem þá var talið of hættulegt að nálgast urðu eftir en þær náðust síðar. gar@frettabladid.is



Átta kindum var bjargað úr Bjólfi 1. febrúar í fyrra. Fleiri kindur náðust síðar.

> Matvælastofnun tók upp á því upp á eigin spýtur að senda björgunarsveitarmenn ofan af Héraði til þess að bjarga þeim.



Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri á Seyðisfirði





# ADHD þjóðin

**Opinn fræðslufundur Íslenskrar erfðagreiningar, 16. nóvember kl.13:00.**

FULLORÐNIR OG ADHD
**Haraldur Erlendsson**
geðlæknir ræðir um ADHD á Íslandi, fjölda greininga á fullorðnu fólki og hvernig þær hafa tekið breytingum. Hann veltir fyrir sér einkennum ADHD og hvernig þau birtast í samfélaginu sem heild og hafa áhrif á daglegt líf okkar allra.

UNGT FÓLK OG ADHD
**Inga Dóra Sigfúsdóttir**
prófessor greinir frá fyrstu niðurstöðum nýrrar rannsóknar á ólíkri birtingarmynd ADHD hjá strákum og stelpum. Fleiri strákar en stelpur fá greiningu. Þeir eru meira truflandi fyrir umhverfið en stelpurnar ánetjast frekar vímuefnum eða stunda aðra sjálfskaðandi hegðun.

ERFÐIR OG ADHD
**Hreinn Stefánsson og Þorgeir Þorgeirsson**
erfðafræðingar hjá Íslenskri erfðagreiningu segja frá niðurstöðum alþjóðlegrar rannsóknar sem Íslensk erfðagreining á aðild að. Rannsóknin er sú fyrsta til að sýna fram á marktæk tengsl erfða og ADHD.

VAR ÞETTA NOKKUÐ ÉG?
**Margrét Pála Ólafsdóttir**
frumkvöðull segir frá reynslu sinni af því að lifa með ADHD og fá greiningu á fullorðinsárum. Hún veltir fyrir sér hvort og þá hvernig ADHD hefur haft áhrif til góðs í hennar eigin lífi.

Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar stýrir fundinum.

Hvar: Hús Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík. Læsti ég ekki örugglega bílnum?
Hvenær: Laugardaginn 16. nóvember, kl. 13:00 til 15:00. Bíddu, fór ég á bílnum?
Kaffiveitingar frá kl. 12.30. Hvað á ég að hafa í kvöldmatinn? Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

KONTOR REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ

## Af vefnum



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

### Uppljóstrun eða hefnd?

Eins og ég hef stundum nefnt, bjó ég og starfaði lengi erlendis. Tók þátt í og stundaði alþjóðleg viðskipti um langt skeið; reyndar í hálfa öld. Ég er einn þeirra mörgu, sem fylgdust með Kveik á þriðjudagskvöld, þar sem fjallað var um meinta spillingu og brot Samherja í Namibíu. Auðvitað var það óskemmtileg mynd, sem þarna var dregin upp, svo að ekki sé meira sagt, en ýmislegt kom mér þar þó kunnuglega fyrir sjónir.

**Lestu greinina í heild á frettabladid.is/skodun**

## Laxar fá nýja eldisaðstöðu

**SJÁVARÚTVEGUR** Laxar Fiskeldi fá aðstöðu við Hjálmeyri fyrir sex til átta eldiskvíar. Þetta var ákveðið á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar í vikunni. Skilyrðin eru að það muni ekki hafa nein áhrif á efnistöku við Eyri, hvorki hindra siglingu dæluskipsins til og frá Eyri, né siglingu annarra skipa eftir siglingaleið fjarðarins. Öryggissvæði hafnarinnar við Mjóeyri skal haft í fyrirrúmi þegar eldiskvíar verða settar út og farið verður yfir öryggismál hafnarsvæðisins á Mjóeyri með starfsmönnum Laxa áður en framkvæmdir við útsetningu kvía hefjast.

Fara verður eftir þessum skilyrðum í öllum tilvikum, segir í fundargerð bæjarráðs.

> **Öryggissvæði hafnarinnar við Mjóeyri skal haft í fyrirrúmi þegar eldiskvíar verða settar út.**

Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Laxa Fiskeldis ehf., kom á bæjarráðsfundinn þar sem málefni fyrirtækisins og hugmyndir um hafnaraðstöðu við norðanverðan Reyðarfjörð voru reifaðar. Verkefnastjóra hafna var falið að skoða frekari forsendur og leggja fyrir hafnarstjórn að nýju. **– bb, bdj**

# NPA-mál komin á rekspöl í bæjarstjórnum

**VELFERÐARMÁL** Málefni NPA-löggjafarinnar hafa verið rædd víða í bæjarstjórnum landsins undanfarna daga. Nýlega greindi Fréttablaðið frá því að pottur væri brotinn varðandi innleiðingu löggjafarinnar og samræming á milli sveitarfélaga engin. Skapar þetta ójöfn búsetuskilyrði fyrir fatlaða en jafnframt hefur verið lítið samráð við NPA-miðstöðina eða önnur hagsmunasamtök fatlaðra.

Niðurstaða velferðarráðs Kópavogs var afgreidd af bæjarráði í gær og vísað til samþykktar bæjarstjórnar. Minnihlutafulltrúar Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar/BF og Miðflokks gerðu athugasemdir við næturtaxta aðstoðarfólks og að hann uppfylli ekki ákvæði kjarasamninga. Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sögðu að Kópavogur muni uppfylla kjarasamninga og Kópavogur greiði nú þegar næsthæstu NPA-greiðslur allra sveitarfélaga. „Hins ber að gæta að fjármagn það sem ríkið leggur til málaflokksins er föst upphæð og hækkun á tímagjaldi þýðir einfaldlega færri tímar og færri samningar," segir í bókun meirihlutans.



**Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bæjarlistans í Hafnarfirði.**

Í Hafnarfirði fór Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bæjarlistans, fram á að samráð yrði haft við hagsmunasamtök fatlaðra og könnun yrði gerð um hvort bærinn uppfyllti upplýsingaskyldu sína. Var samþykkt í fjölskylduráði að fulltrúi fatlaðra yrði í starfshópi.

Þá voru nýjar reglur um NPA kynntar í velferðarráði Reykjanesbæjar á miðvikudag og hefur þeim verið vísað til samþykktar í bæjarráði. **– khg**

> **Hins ber að gæta að fjármagn það sem ríkið leggur til málaflokksins er föst upphæð og hækkun á tímagjaldi þýðir einfaldlega færri tímar og færri samningar.**
>
> Bókun meirihlutans í Kópavogi

# Launþegum í landinu fækkar nú í fyrsta sinn í nærri áratug

**Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar fækkar launþegum í landinu og miðað við sveiflu undanfarinna ára mun fækkunin halda áfram. Fækkunin kemur fyrst og fremst fram í einkageiranum á meðan opinberum starfsmönnum fjölgar. Atvinnulausum hefur fjölgað, sömuleiðis öryrkjum og ellilífeyrisþegum.**

**VINNUMARKAÐUR** Samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands sést að í fyrsta sinn frá árinu 2011 fer launþegum í landinu fækkandi. En á þeim tíma var þjóðfélagið enn að jafna sig eftir áfall bankahrunsins og mikið atvinnuleysi. Samfara þessu hefur atvinnuleysi aukist umtalsvert, úr rúmlega 4.000 í rúmlega 7.000 á einu ári.

Sigrún Halldórsdóttir, sérfræðingur á sviði fyrirtækjatölfræði hjá Hagstofunni, telur líklegt að atvinnulausum haldi áfram að fjölga miðað við þá niðursveiflu sem orðið hefur. Hún setur jafnframt þann fyrirvara að sumar tölurnar séu ekki 100 prósent nákvæmar en að heildarmyndin gefi góða mynd af stöðunni.

Við nánari greiningu á tölunum sést að fækkunin er áberandi mest í ferðaþjónustunni, 2.500 manns eða 8,2 prósent á einu ári. Sigrún segir flugið eiga þar stóran þátt. Fækkun er í flestum öðrum einkareknum greinum um eitt til tæplega fjögur prósent.

Það sem spyrnir á móti er umtalsverð fjölgun starfsmanna sem að stærstum hluta starfa hjá hinu opinbera. Þeim sem starfa í fræðslugreinum og opinberri stjórnsýslu hefur fjölgað um nærri 3.000 á einu ári, eða um tæplega sjö prósent. Þetta er umtalsverð breyting þar sem á árunum 2015 til 2017 var fækkun í þeim geira. Þá hefur fólki í heilbrigðisþjónustu og umönnunarstörfum fjölgað um 800 eða rúmlega fjögur prósent. Að sögn Sigrúnar gætu tölurnar þó verið örlítið ofreiknaðar.



Atvinnuleysi leggst þyngst á yngra fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Breyting á fjölda launþega milli ára**
Allt hagkefið




Aukið atvinnuleysi leggst mishart á landshlutana. Harðast bítur það á Suðurnesjum en á aðeins einu ári hefur atvinnulausum þar fjölgað um meira en helming, úr 511 í 1.146. Næstþyngst leggst það á höfuðborgarsvæðið en minna á landsbyggðina. Í öllum landshlutum er þó fjölgun í hópi atvinnulausra. Þá leggst atvinnuleysi, nær línulega, þyngst á yngra fólk.

> **Á einu ári hefur atvinnulausum á Suðurnesjum fjölgað úr 511 í 1.146.**

Atvinnuleysi er hins vegar ekki eina ástæðan fyrir fækkun launþega í landinu. Öryrkjum fjölgar, til dæmis vegna slits og geðrænna kvilla. Samkvæmt nýrri skýrslu félagsfræðingsins Kolbeins Stefánssonar hefur hægt á fjölgun öryrkja á undanförnum árum en hún hefur þó verið viðvarandi undanfarna áratugi.

Önnur breyta er öldrun þjóðarinnar. Rétt eins og í öðrum vestrænum ríkjum hefur hlutfall lífeyrisþega farið hækkandi. Í dag eru rúmlega 12 prósent landsmanna ellilífeyrisþegar en fyrir tíu árum voru þeir tæplega ellefu prósent.

Þá eru ótaldir þeir sem eru í skóla, fæðingarorlofi eða hafa flutt úr landi. Sigrún segir að þrátt fyrir að starfandi Íslendingum fækki þá fjölgi starfandi útlendingum í staðnum. Það vegur hins vegar ekki nægilega upp á móti heildarfækkun launþega í landinu.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**




# Allar tillögur minnihlutans felldar

**ALÞINGI** Annarri umræðu um fjárlagafrumvarp næsta árs lauk á Alþingi í gær. Mun frumvarpið aftur ganga til fjárlaganefndar fyrir þriðju umræðu sem samkvæmt starfsáætlun þingsins verður 26. nóvember næstkomandi.

Ágúst Ólafur Ágústsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, lýsti við lok atkvæðagreiðslu um breytingartillögur yfir vonbrigðum með stjórnarmeirihlutann.

„Enn eitt árið hafa allar breytingartillögur stjórnarandstöðuflokkanna verið felldar. Ég furða mig á þessum vinnubrögðum," sagði Ágúst Ólafur.

„Það væru ótrúlega sérkennileg vinnubrögð þar sem boðað hafi verið í stjórnarsáttmála að önnur vinnubrögð yrðu tekin upp á Alþingi. „Svo sjáum við bara gamaldags skotgrafahernaðarpólitíkina endurspeglast í afgreiðslu fjárlaga hér."



Fjárlagafrumvarpið gengur nú til fjárlaganefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra lagði áherslu á að með fjárlagafrumvarpinu væri verið að láta ríkisfjármálin vinna með peningastefnu og stefnu í vinnumarkaðsmálum.

„Á sama tíma og við erum að tryggja efnahagslegan stöðugleika erum við að tryggja félagslegan stöðugleika. Markmið sem við höfum oft talað um en ekki oft náð," sagði Katrín. **– sar**

# RISA TAX FREE DAGAR

## 14.-18. nóvember

**Taxfree* af öllum fatnaði,
öllum skóm, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði
og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

**HAGKAUP**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.







Háskólar og bókasöfn greiða um 200 milljónir króna á ári í áskriftir að vísindaritum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Rannsóknir séu sem flestum aðgengilegar

**Verkefnastjóri hjá Landsbókasafni segir Ísland á eftir hinum Norðurlöndunum þegar komi að opnum aðgangi að niðurstöðum vísindarannsókna. Málefnið verður rætt á málþingi Vísindafélagsins í Þjóðminjasafninu í dag.**

VÍSINDI „Við erum svolítið á eftir þegar kemur að opnum aðgangi. Á hinum Norðurlöndunum hefur verið mörkuð stefna um hvernig eigi að ná fram markmiðum um opinn aðgang. Íslensk stjórnvöld eru ekki með neina stefnu en vinna er þó í gangi,“ segir Sigurgeir Finnsson, verkefnastjóri hjá Landsbókasafni.

Sigurgeir, sem einnig er ritstjóri vefsins openaccess.is, sem fjallar um opinn aðgang, verður meðal frummælenda á málþingi Vísindafélags Íslendinga um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum. Málþingið verður haldið í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 12 til 14.

Hugtakið opinn aðgangur snýst um þá kröfu að almenningur, nemendur og vísindafólk um allan heim hafi óheftan aðgang að niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið fyrir almannafé.

Sigurgeir bendir á að samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir skuli niðurstöður rannsókna sem styrktar eru úr rannsóknarsjóði eða innviðasjóði birtar í opnum aðgangi nema um annað sé samið.

„Það eru nokkrir háskólar hér sem hafa markað sér stefnu um opinn aðgang, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Bifröst, en þar er líka gefið færi á undanþágum,“ segir Sigurgeir.

> Við erum að eyða gríðarlegum fjárhæðum í að kaupa aðgang að rannsóknarniðurstöðum.
>
> Sigurgeir Finnsson, verkefnastjóri hjá Landsbókasafni

Undanþágur séu veittar vegna þess að flestir vilji birta rannsóknir sínar í virtustu og áhrifamestu ritunum sem oft þurfi að kaupa áskrift að.

„Við hérna á Landsbókasafni sjáum um landsaðgang sem er samlag íslenskra háskóla og rannsóknarstofnana um kaup á þessum áskriftum. Það er verið að borga um 200 milljónir árlega fyrir það.“

Sigurgeir segir að á heimsvísu sé um gríðarlegar fjárhæðir að ræða en háskólar og bókasöfn séu á ársgrundvelli að borga á bilinu 7 til 8 milljarða evra fyrir þessar áskriftir. „Það sem þessi hreyfing um opinn aðgang gengur út á er að breyta þessu módeli. Fá fólk frekar til að birta í tímaritum í opnum aðgangi.“

Í landsaðganginum séu ekki allar vísindagreinar aðgengilegar og þótt hægt sé að nálgast mikið efni í gegnum íslenskar IP-tölur sé ekki um opinn aðgang að ræða þar sem búið sé að borga fyrir aðganginn.

Einn stærsti útgefandi vísindarita er Elsevier en hagnaður fyrirtækisins á síðasta ári nam um 1,2 milljörðum dollara eða sem nemur um 150 milljörðum króna.

„Það sem er að gerast úti í heimi er að margir aðilar eru hættir að kaupa þessar áskriftir að Elsevier. UCLA-háskóli ákvað til dæmis að hætta þessum áskriftum en vísindamenn við skólann koma að um tíu prósentum allra vísindagreina sem eru birtar í Bandaríkjunum.“

Þar að auki hafi hópur opinberra evrópskra rannsóknarsjóða sett fram markmið um að árið 2021 verði allar niðurstöður rannsókna sem fengið hafi opinbera styrki birtar í opnum aðgangi.

„Við erum að eyða gríðarlegum fjárhæðum í að kaupa aðgang að rannsóknarniðurstöðum og vísindamenn eru að reyna að leysa alls kyns vandamál. Þá viltu komast í nýjustu rannsóknir eins fljótt og auðið er.“ **sighvatur@frettabladid.is**

# Tímabært að ræða um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu

HEILBRIGÐISMÁL „Á heilbrigðisþingi verður fjallað um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni. Það er tímabært að fram fari víðtæk umræða um þennan mikilvæga grundvöll flókinna ákvarðana sem heilbrigðisstarfsfólk þarf að glíma við á hverjum degi,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.



Svandís Svavarsdóttir.

Heilbrigðisþing 2019 fer fram á Hilton Nordica í dag. Í fyrsta hluta þingsins verður fjallað um mannhelgi og virðingu fyrir mannlegri reisn. Einnig verður fjallað um þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og rétt þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu. Í síðasta hlutanum verður svo rætt um hagkvæmni og skilvirkni.

Svandís segir að ákvörðunum um siðferðileg gildi og forgangsröðun muni fjölga með nýrri tækni, flóknari lyfjum og framförum í vísindum og nýsköpun.

„Ég stefni að því að leggja fram þingsályktun um gildi og forgangsröðun á vorþingi til að treysta enn betur grundvöll okkar öfluga heilbrigðiskerfis.“

Umræðuefni þingsins tengist áherslum sem fram koma í heilbrigðisstefnu til 2030 sem samþykkt var á Alþingi í júní síðastliðnum.

Í aðdraganda þingsins var haldinn fjölmennur vinnufundur til að leggja grunn að umfjöllun þingsins. Þar tóku þátt stjórnendur og fagfólk frá stofnunum heilbrigðisráðuneytisins og fulltrúar háskólasamfélagsins.

Dagskrá heilbrigðisþings hefst klukkan 9 í dag og stendur til klukkan 16. Streymt verður frá þinginu á vefslóðinni heilbrigdisthing.is. **– sar**










OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Heilbrigðisráðherrann bólusettur gegn inflúensu. NORDICPOTOS/GETTY

## Bólusetningar gegn mislingum orðnar skylda

**ÞÝSKALAND** Þýsk stjórnvöld hafa gert bólusetningar gegn mislingum að skyldu. Foreldrar sem ekki láta bólusetja börn sín verða sektaðir.

Löggjöf um mislingavarnir var samþykkt á ríkisþingi Þýskalands í gær með stuðningi beggja stjórnarflokkanna, Kristilegra demókrata og Sósíaldemókrata. Flokkarnir höfðu sammælst um að koma löggjöfinni í gegn síðasta vor. Frumvarpið var einnig stutt af frjálslynda miðjuflokknum Frjálsum demókrötum.

Eini flokkurinn sem kaus alfarið gegn frumvarpinu var hinn þjóðernispopúlíski Valkostur fyrir Þýskaland en minni flokkar á vinstri vængnum voru klofnir í málinu.

> Þetta er barnaverndarlöggjöf í sinni tærustu mynd.
>
> Jens Spahn heilbrigðisráðherra

„Þetta er barnaverndarlöggjöf í sinni tærustu mynd,“ sagði heilbrigðisráðherrann Jens Spahn þegar hann talaði fyrir frumvarpinu í þinginu.

Löggjöfin tekur gildi í mars á næsta ári og þá þurfa foreldrar í Þýskalandi að sýna fram á að börn þeirra séu bólusett fyrir mislingum áður en þau hefja leikskólavist. Ef svo er ekki fá börnin ekki vistina og foreldrar í kjölfarið sektaðir um 2.500 evrur, eða um 350 þúsund krónur. Starfsfólki grunnskóla, daggæslu, heilsugæslustöðva og fleiri stofnana verður einnig gert skylt að hafa eftirlit með bólusetningunum.

Mislingatilfellum hefur fjölgað mikið í Evrópu á undanförnum árum í takti við fækkun bólusetninga. Á þessu ári hafa þegar komið upp 500 tilfelli í Þýskalandi. – **khg**

# Segir að Íhaldsmenn ofsæki frambjóðendur Brexit-flokks

**Nigel Farage, leiðtogi Brexit-flokksins, segir Íhaldsmenn beita óheiðarlegum aðferðum til að fá frambjóðendur flokksins til að stíga til hliðar. Þingkosningar í landinu fara fram 12. desember.**



Farage var reiður í hnefaleikahringnum. Flokkur hans mælist með hluta þess fylgis sem áður var. NORDICPHOTOS/EPA

**BRETLAND** „Það sem er í gangi núna er fyrir neðan allar hellur,“ sagði Farage í hnefaleikaklúbbi í Lundúnum. „Á meðan ég tala núna er í gangi herferð til að fá menn og konur, frjálst fólk, til þess að hætta við að bjóða sig fram. Mætti halda að við værum í Venesúela.“

Þrátt fyrir þessar ásakanir nefndi Farage engin ákveðin dæmi máli sínu til stuðnings. Einungis að frambjóðendur hans fengju stanslaus símtöl og tölvupóst þar sem óhróðri væri hellt yfir þá.

**4-7%**

Er fylgi flokks Farage samkvæmt nýjum könnunum.

Hratt hefur fjarað undan Brexitflokknum á undanförnum vikum. Mælist hann einungis með fjögra til sjö prósenta fylgi en var með allt að 17 prósenta fylgi í könnunum í haust. Ekki er nema hálft ár síðan flokkurinn fékk flest atkvæði allra breskra flokka í kosningum til Evrópuþingsins, 30,5 prósent, en þá var hann nýstofnaður. Bjuggust margir við að Brexit flokkurinn myndi rjúka upp í könnunum þegar ljóst væri að Bretland myndi ekki yfirgefa Evrópusambandið þann 31. október eins og forsætisráðherrann Boris Johnson hafði lofað.

Á mánudag tilkynnti Farage að Brexit-flokkurinn myndi ekki bjóða fram í þeim kjördæmum þar sem Íhaldsflokkurinn væri sterkastur

> Á meðan ég tala núna er í gangi herferð til að fá menn og konur, frjálst fólk, til að hætta við að bjóða sig fram. Mætti halda að við værum í Venesúela.
>
> Nigel Farage, leiðtogi Brexit-flokksins

heldur beina afli sínu að kjördæmum þar sem Verkamannaflokkurinn væri sterkur. Farage hefur boðið Johnson kosningabandalag en því var hafnað. Ákvörðunin kom flatt upp á marga, og var talin niðurlægjandi, enda hafði Farage tilkynnt að flokkurinn myndi bjóða fram í öllum kjördæmum og að hann teldi útgöngusamning Johnsons ómögulegan. Farage sjálfur lét hafa það eftir sér að hann myndi hugsanlega kjósa Íhaldsflokkinn sjálfur, frekar en eigin flokk.

Spennan magnast nú með hverjum deginum og stóru flokkarnir tveir hafa báðir verið að sækja í sig veðrið fyrir þingkosningarnar þann 12. desember. Íhaldsflokkurinn mælist nú í kringum 40 prósentin og Verkamannaflokkurinn í kringum 30. Báðir hafa þeir hagnast á dvínandi fylgi Brexit-flokksins, en Frjálslyndir demókratar hafa einnig gefið eftir. Þeir mælast nú með í kringum 15 prósent en höfðu vel yfir 20 í haust. Ein helsta ástæðan fyrir því að bæði Brexit-flokkurinn og Frjálslyndir demókratar hafa gefið eftir er sú staðreynd að kosningarnar munu ekki snúast algerlega um útgöngumálin, heldur efnahagsmál, niðurskurð, umhverfismál, heilbrigðiskerfið, löggæslu og fleiri mál.

kristinnhaukur@frettabladid.is



# BETRA VERÐ & MEIRI UPPLIFUN




OUTLANDER PHEV 2020

EXECUTIVE

TAKMARKAÐ MAGN / TIL AFHENDINGAR Í NÓVEMBER

## Mitsubishi og HEKLA gera enn betur!

Outlander PHEV er mest seldi bíllinn á Íslandi til einstaklinga og fyrirtækja. Frá því að bíllinn var fyrst kynntur 2014 hafa á hverju ári bæst við nýjungar sem gera frábæran bíl enn betri. Nú bjóðum við Mitsubishi Outlander PHEV 2020 í EXECUTIVE útgáfu sem býður enn meiri upplifun á betra verði.

### Outlander PHEV 2020 EXECUTIVE

**Tilboðsverð 5.090.000 kr**

Meðal búnaðar í Executive:

- Premium leðurinnrétting
- Fullkominn margmiðlunarbúnaður
- 360° bakkmyndavél
- 8 fjarlægðaskynjarar
- LED aðalljós
- Lyklalaust aðgengi
- Rafdrifinn afturhleri
- Og margt fleira

**Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/mitsubishisalur**

### Outlander PHEV 2020 EXECUTIVE+

**Tilboðsverð 5.490.000 kr**

Meðal búnaðar í Executive+:

- Premium leðurinnrétting
- Fullkominn margmiðlunarbúnaður
- 360° bakkmyndavél
- 8 fjarlægðaskynjarar
- LED aðalljós
- Lyklalaust aðgengi
- Rafdrifinn afturhleri
- Akreinavari & árekstravari
- Fjarlægðatengdur hraðastillir
- Bílastæðavari
- Sóllúga
- Og margt fleira

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
Verð miðast við gengi 18. október 2019.

www.mitsubishi.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · BVA Egilsstöðum

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Orðspor undir



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Samherji er ekki eins og hvert annað fyrirtæki. Það er risi í íslenskum sjávarútvegi, með umsvifamikla starfsemi erlendis sem teygir sig víða, meðal annars til Afríku, eins og landsmönnum er nú kunnugt um, auk þess að vera stór hluthafi í mörgum fyrirtækjum ótengdum sjávarútvegi. Hagnaður Samherja í fyrra nam 12 milljörðum og eigið fé fyrirtækisins er 111 milljarðar. Það er því alvarlegra en ella þegar fyrirtæki af slíkri stærðargráðu er grunað um, byggt á viðamiklum gagnaleka og uppljóstrunum fyrrverandi starfsmanns, að hafa greitt mörg hundruð milljónir í mútur til namibískra ráðamanna til að tryggja sér aðgang að fiskveiðikvóta þar í landi. Of snemmt er að fella dóma um þær alvarlegu ásakanir sem hafa verið settar fram, sem eru nú til rannsóknar héraðssaksóknara, en ljóst er að Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, átti fárra annarra kosta völ en að stíga tímabundið til hliðar.

Líklegt er að málið eigi eftir að skaða Samherja og mögulega önnur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sem starfa á erlendum vettvangi. Hversu mikið, hvort sem þar er um að ræða viðskiptasambönd eða orðspor fyrirtækisins, er ómögulegt að segja fyrir um. Fjárfestar á hlutabréfamarkaði hafa viðrað sínar áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin með því að selja bréf sín í félögum sem eru að stórum hluta í eigu Samherja. Þannig hefur hlutabréfaverð Eimskips lækkað um sjö prósent síðustu tvo daga en Samherji er kjölfestufjárfestir fyrirtækisins með 27 prósenta hlut. Fjárfestar óttast, með réttu eða röngu, að eignatengslin við Samherja hafi neikvæð áhrif og að útgerðarrisinn kunni að þurfa að losa um hlut sinn.

Viðbúið var að ásakanir um lögbrot Samherja yrðu notaðar af ýmsum til að ná fram öðrum og alls óskyldum pólitískum markmiðum sínum, eins og að umbylta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þótt menn greini á um hvað sé eðlilegt að útgerðarfélögin greiði í veiðigjöld þá er sjávarútvegurinn besta dæmið um atvinnugrein á Íslandi sem hefur tekist, einkum vegna hins hagkvæma fyrirkomulags fiskveiða, að ná mikilli framleiðni vinnuafls og fjárfestingar. Framferði Samherja í Namibíu hefur ekkert með kvótakerfið að gera og því fráleitt að umræða um meintar mútugreiðslur hafi nokkuð með það að gera. Alvarlegra er hins vegar þegar þingmenn í einu af sínum reglubundnu upphlaupum fara fram á það, byggt á engum haldbærum rökum, að allar eignir Samherja verði kyrrsettar. Með öðrum orðum, krafa um að fyrirtækið verði knúið í gjaldþrot. Annaðhvort veit þingmaðurinn ekki hvaða afleiðingar slíkar aðgerðar hafa eða er alveg sama.

Nauðsynlegt er að Samherjamálið verði rannsakað til hlítar og að stjórnvöld veiti viðeigandi stofnunum í senn ráðrúm og fjármuni að því marki sem til þarf. Íslensk hegningarlög eru skýr. Brjóti menn ákvæði laganna um mútur, skiptir þá engu hvort brotið er framið hér á landi eða erlendis, þá er hægt að sækja þá til saka, í þessu tilfelli mögulega stjórnendur Samherja, fyrir íslenskum dómstólum. Það þýðir ekki að Ísland sé „spillingarbæli“, eins og formanni Samfylkingarinnar er mikið í mun að halda fram, enda þótt einstaka fyrirtæki, og stjórnendur þess, kunni að hafa gerst brotlegir við lög. Það kann að hljóma leiðinlega í eyrum sumra, sem þykir léttvægt að víkja til hliðar leikreglum réttarríkisins, en dómar í slíkum málum verða ekki felldir í fjölmiðlum. Sem betur fer.

> **Alvarlegra er þegar þingmenn í einu af sínum reglubundnu upphlaupum fara fram á það, byggt á engum haldbærum rökum, að allar eignir Samherja verði kyrrsettar.**

Halldór







## Frá degi til dags

**Gjöldum ekki í sömu mynt**
**Stuðningsmenn tyrkneska landsliðsins eiga mikla skömm skilda fyrir að baula á meðan Lofsöngurinn var spilaður fyrir leikinn í gærkvöldi. Sáust mörg dæmi þess að Tyrkir sýndu okkar mönnum puttann á meðan þjóðsöngur okkar var leikinn. Óljóst er hvort Erdogan sjálfur hefur tekið þátt í því. Hugsanlega á uppátæki erlenda ferðamannsins með klósettburstann í Leifsstöð í sumar einhvern þátt í framferði Tyrkja. Við Íslendingar munum ekki gjalda í sömu mynt heldur halda áfram að láta duga að fara með háðsglósur um Halim Al.**

**Dásamlegur spuni**
**Spuni er mjög vanmetið fyrirbæri. Með spuna er hægt að breyta einhverju skelfilegu yfir í eitthvað sem mögulega telst jákvætt. Spuni opinberra aðila á það til að vera bráðfyndinn, sérstaklega þegar hann á við batterí sem allir þekkja. Í vikunni fékk Lánasjóður íslenskra námsmanna í hendurnar viðhorfskönnun sem afhjúpaði falleinkunn í þjónustu stofnunarinnar. Í stað þess að segja það þá var niðurstöðunum dreift með skilaboðunum um að þær bentu til „ýmissa sóknarfæra“.**
**arib@frettabladid.is**

## Jafnrétti til náms



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Jóna Þórey Pétursdóttir
forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Öflugur stuðningur við námsmenn er forsenda þess að fólk geti sótt sér menntun óháð bakgrunni eða efnahag. Það er því gott að heildarendurskoðun laga um námsaðstoð er nú til meðferðar á Alþingi. Nýtt frumvarp um Menntasjóð námsmanna veitir kjörið tækifæri til að fjárfesta í menntun og tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi.

Í frumvarpinu er tillaga um að námsmenn fái hluta námslána sinna niðurfelldan, ljúki þeir námi á réttum tíma. Þetta er álitleg tillaga sem getur aukið skilvirkni í skólakerfinu og skilað nemendum fyrr út á vinnumarkaðinn en ella. Mennta- og menningarmálaráðherra á hrós skilið fyrir að beita sér fyrir þessu.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir auknum almennum stuðningi við stúdenta á meðan á námi stendur. Það er áhyggjuefni.

Samkvæmt EUROSTUDENT VI, sem er nýleg evrópsk könnun, skera háskólanemar á Íslandi sig frá nemendum á öðrum Norðurlöndum hvað varðar atvinnuþátttöku. Þeir vinna að meðaltali 25,7 klst. á viku með námi og 53% nemenda vinna meira en 20 klst. á viku. Slík vinna samhliða námi veldur af miklu álagi á nemendur og hefur slæmar afleiðingar fyrir námsframvindu. Fjárhagslegar áhyggjur og vinnutengdar aðstæður eru ein algengasta ástæða þess að stúdentar á Íslandi tefjast í námi.

Það er því ákveðin hætta á því að góð og skynsamleg markmið um að hvetja námsmenn til að ljúka námi á styttri tíma náist ekki, ef stór hluti nemenda þarf áfram að sinna tímafrekri vinnu meðfram námi. Þeirra nemenda sem ekki tekst að uppfylla kröfur um námsframvindu bíður svo fullt lán á hærri vöxtum. Hér er tækifæri til að stíga eitt skref til viðbótar og auka stuðning við nemendur á meðan á námi stendur svo háskólanámið sjálft getið verið í forgrunni á námstímanum þannig að námsframvinda verði tryggð.

Við hvetjum stjórnvöld til að bregðast við þeirri stöðu sem EUROSTUDENT hefur leitt í ljós og tryggja að nýtt lánasjóðskerfi geri stúdentum kleift að einbeita sér að náminu án þess að viðbótar fjárhagsstuðnings sé þörf og stuðla þannig að því að allir nemendur, óháð fjárhag, hafi raunverulegt jafnrétti til náms.

> **Hér er tækifæri til að stíga eitt skref til viðbótar og auka stuðning við nemendur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þungt högg fyrir markaðsfrelsið

Í DAG

Þórlindur Kjartansson



Það er vitað frá aldaöðli að þorstinn eftir ríkidæmi er vísasta leiðin til þess að týna sjálfum sér. Algjör samstaða er um þetta meðal trúarbragða heimsins og helstu hugsuða mannkynssögunnar—allt frá Móse til Krists, Búddha, Múhameðs og Yoda. Ásælni er ein af höfuðsyndunum; það er synd að vera upptekinn af því að vilja komast yfir sífellt fleiri efnislega hluti. Það er illt að vera gráðugur.

**Er græðgin góð?**

Það er margt sem skilur að ólíka heimspeki og trúarbrögð heimsins, en viðvaranir við dýrkun á veraldlegum munaði og ríkidæmi eiga þau sem sagt sammerkt. Þessi sannleikur virðist þó þess eðlis að mennirnir þurfi sífellt að uppgötva hann upp á nýtt, því villuljósin sem benda í hina áttina eru býsna sterk. Á undanförnum árum og áratugum hafa nefnilega ýmsir nýir spámenn og spekingar sett fram kenningar í þveröfuga átt við hinar aldagömlu kennisetningar trúarbragða og heimspeki. Gordon Gekko sagði í kvikmyndinni Wall Street: „Greed is good“ og rökstuddi það með þeirri kenningu að græðgi væri forsenda allra framfara, því án hennar fengi hið nýja aldrei að ryðja hinu gamla úr vegi. Margir trúðu þessu.

Þegar betur er að gáð þá finnast örugglega engin dæmi um uppfinningamenn, listafólk, vísindamenn eða raunverulega frumkvöðla í viðskiptum sem hafa þakkað peningagræðgi fyrir árangur sinn. Engum dettur í hug að það sé græðgi sem rekur milljarðamæringa eins og Paul McCartney og Madonnu upp á svið eða að blind græðgi drífi áfram gott vísinda- og listafólk. Öll markverð framþróun er nefnilega knúin áfram af máttugri og göfugri hvötum.

**Græðgi og spilling**

Græðgi er hugtak sem á fyrst og fremst við um það þegar menn verða svo helteknir af efnislegum gæðum og stöðutáknum, að þeir stytta sér leið til þess að njóta uppskeru sem þeir hafa ekki sáð til heldur einhver annar. Gróðinn sjálfur er sem sagt ekki vondur þótt græðgin sé slæm. Það er ekki græðgi að verða ríkur, ef ríkidæmið er uppskera þess að hafa lagt eitthvað af mörkum sem aðrir þurfa á að halda eða kunna að meta.

Í samfélagi sem vill beina kröftum fólks í uppbyggilegan farveg er því mikilvægt að hagnaðarvonin leiði fólk frekar í áttir þar sem það berst fyrir því að skapa af eigin rammleik ný verðmæti frekar en að ná til sín verðmætum frá öðrum.

Í spilltum samfélögum eiga þeir erfitt uppdráttar sem vilja skapa verðmæti á heiðarlegan og uppbyggilegan hátt en þeir blómstra hins vegar sem svífast einskis við að sölsa undir sig auðlindir og verðmæti sem aðrir eiga eða skapa.

Ekkert land er alveg alsaklaust af spillingu og meira að segja er það þannig víða í Evrópu að ekki er hægt að stunda venjulega starfsemi án þess að greiða hin ýmsu „verndargjöld“ til glæpasamtaka. Heimurinn er nefnilega oftast ekki alveg svart-hvítur, heldur risastórt grátt svæði. Strangheiðarlegt, jafnt sem flókið eða óheiðarlegt fólk þarf að sætta sig við slíkan tilkostnað við að eiga í viðskiptum. En þetta er hættusvæði. Þeir sem freista þess að stunda viðskipti í slíkum samfélögum þurfa að hafa sterk bein til þess að láta ekki spillinguna og græðgina ná sömu tökum á sjálfum sér. Sjálfsréttlætingin nær nefnilega gjarnan yfirhöndinni þegar fyrirhafnarlítil gróðavon blasir við, og smám saman flyst fólk frá ljósgráa svæðinu yfir á það dökkgráa, uns það áttar sig á því að sífelldar málamiðlanir við samviskuna hafa leitt það inn á kolsvartar brautir.

**Nægilega mörg kurl**

Ekki eru nærri því öll kurl komin til grafar í málefnum Samherja í Namibíu, en nægilega mörg þó til þess að augljóst sé að þar hafi menn villst af leið. Frásögnin í Kveik var sannfærandi, vönduð og vel unnin. Af þættinum að dæma er stjórnkerfið í Namibíu grundvallað á græðgi og spillingu valdhafa, og Samherji tók fullan þátt í þeim leik sem þar var boðið upp á. Af því sem komið er fram um viðskipti Samherja í Namibíu þá er ástæða til þess að fyllast óhug, reiði og sorg yfir því að íslenskt félag hafi tekið þátt í að treysta stoðir spilltra afla þar í landi, þótt stærstu glæpirnir felist vitaskuld í því að rukka eða þiggja múturnar.

Allir eiga rétt á sinni málsvörn og margt á eflaust eftir að koma í ljós en nógu mikið virðist nú þegar óumdeilt til þess að fullyrða að margt í framkomu Samherja í Afríku var til skammar. Það hlýtur að vekja reiði hjá þeim sem vilja halda á lofti kostum frjálsra viðskipta því enginn pólitískur andstæðingur þeirra sjónarmiða á Íslandi hefði getað veitt þeim hugmyndum þyngra högg.





- 8 tonna lyftigeta, alltaf í tvöföldu.
- 55m bóma, 1.300 kg í enda.
- 19,3 til 41,5m hæð undir krók (65,5m í 30°).
- Micromove = nákvæmni upp á mm eins og í öllum sjálfreisandi **Liebherr** krönum.
- Allir kostir **Liebherr** turnkrana s.s hraði eru í þessum sjálfreisandi krana.
- Kostnaður við reisingu / fellingu er brot af kostnaði við turnkrana.

**Þú getur komið og skoðað / prófað laugardaginn 16. nóvember milli kl. 12 & 15 á Suðurgötunni.**
**Hlökkum til að sjá þig.**

LIEBHERR MERKÚR

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegi 6 | 113 Reykjavík | Sími 534 6050 | merkur@merkur.is | **www.merkur.is**




FERSKT MEÐ FLUGI



Tilboð gilda út 17. nóvember

**Ítalskur Mozzarella di bufala**

**649** kr/stk

**5 spennandi tegundir**

**Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn í 8 mínútur á 220°C**

verð frá **1.699** kr/stk



**Toppaðu pizzuna með olíu frá Supernature**

Verð frá **579** kr/stk




**NÝJUNG**

**Piparkökusett hús, lest og fígúrur Settu saman þitt eigið jólaland**

Verð frá **479** kr/pk




**Mikið úrval af jóladagatölum**




**Ítalskar Panettone súkkulaði, tiramisu og ávaxta**

**1.199** kr/stk




**NÝJUNG**

**Dumle nýjar gómsætar tegundir**

**599** kr/pk




**NÝ UPPSKERA**

**Robin klementínurnar 2,3 kg**

**849** kr/ks




**TILBOÐ**

**Pepsi Max raspberry**

**89** kr/stk

Verð áður 119 kr/stk

15% afsláttur




Íslandssósur eru frábærar með helgarsteikinni

**489** kr/stk

ÍSLANDS LAMB

## Íslenskt lambafile

**4.929** kr/kg

Verð áður 5.799 kr/kg

Kryddhúsið
Yfir holt og heiðar

**579** kr/stk

20% afsláttur



Kjúklingalæri með legg

**959** kr/kg

Verð áður 1.199 kr/kg

15% afsláttur

ÍSLANDS NAUT



Smash Style hamborgarar 2 x 120 gr

**509** kr/pk

Verð áður 599 kr/pk

20% afsláttur



100% HREIN AFURÐ

Kjúklingalundir

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Hörður var nálægt því að kasta líflínu

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu gerði markalaust jafntefli á móti Tyrklandi á útivelli í næstsíðustu umferð í undankeppni EM 2020 í gærkvöldi. Þar með er það ljóst að Tyrkland og Frakkland fara beint áfram í lokakeppnina og Ísland fer í umspil um laust sæti á mótinu.**



Hörður Björgvin Magnússon var nálægt því að tryggja íslenska liðinu stigin þrjú í Istanbúl í gærkvöldi en skalli hans var varinn á línu. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Ísland mun þurfa umspil til þess að tryggja sér farseðilinn í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu karla en það varð ljóst eftir jafntefli íslenska liðsins á móti Tyrklandi í leik liðanna í Istanbúl í gærkvöldi.

Það var ljóst fyrir leikinn að jafntefli myndi duga Tyrklandi til þess að komast áfram og leikmyndin litaðist töluvert af þeirri staðreynd. Tyrkneska liðið, sem hafði fengið þrjú mörk á sig í undankeppninni fyrir þennan leik, varðist vel og var ávallt hættulegt þegar liðið sótti hratt.

Tvö af mörkunum sem Tyrkland hafði fengið á sig í riðlinum komu í fyrri leik Íslands og Tyrklands á Laugardalsvellinum en þau komu bæði eftir föst leikatriði.

### Íslenska liðið tók við sér undir lok leiksins

Það var einmitt eftir eitt slíkt sem Hörður Björgvin Magnússon sem kom inn á sem varamaður í seinni hálfleik fékk langbesta tækifæri Íslands til þess að tryggja íslenska liðinu sigurinn og halda lífinu í voninni um að enda í öðru af tveimur efstu sætum riðilsins fyrir lokaumferðina.

Skalla Harðar Björgvins eftir hnitmiðaða hornspyrnu Gylfa Þórs Sigurðssonar var bjargað á marklínu af tyrkneskum varnarmanni.

Skipulagið sem Erik Hamrén og Freyr Alexandersson, þjálfarar íslenska liðsins, og teymið í kringum liðið hafði gert fyrir leikinn riðlaðist líklega þó nokkuð þegar Alfreð Finnbogason fór meiddur af velli um miðbik fyrri hálfleiks.

## Undankeppni EM

| Tyrkland | 0 - 0 | Ísland |
|---|---|---|

**Lið Íslands í leiknum** (4-4-2)

- Hannes Þór Halldórsson
- Guðlaugur Victor Pálsson
- **Kári Árnason**
- Ragnar Sigurðsson
- Ari Freyr Skúlason
- (Mikael Neville Anderson) (85.)
- Arnór Ingvi Traustason
- (Hörður Björgvin Magnússon) (63.)
- Birkir Bjarnason
- Gylfi Þór Sigurðsson (f)
- Jón Daði Böðvarsson
- Alfreð Finnbogason
- (Arnór Sigurðsson) (24.)
- Kolbeinn Sigþórsson

## Maður leiksins



**Kári Árnason**
Var eins og klettur í vörn íslenska liðsins og gerði sig gildandi í föstum leikatriðum. Eldist eins og gott rauðvín og lætur engan bilbug á sér finna þótt kominn sé hátt á fertugsaldur.

Hamrén og Freyr skiptu Arnóri Sigurðssyni inn á en þeir hafa líklega haft Arnór í huga sem varamann fyrir annan leikmann og seinna í leiknum.

Eftir að hafa leikið varfærnislega framan af leiknum fóru leikmenn íslenska liðsins að taka meiri áhættu þegar um það bil hálftími var eftir af leiknum. Það leikplan var nálægt því að ganga upp.

### Umspilsleikur fram undan í vetrarkuldanum í mars

Viðar Örn Kjartansson var síðan veikur í gærkvöldi og það fækkaði sóknarmöguleikunum af varamannabekknum ofan á þau meiðsli sem herjuðu á hópinn fyrir landsliðsgluggann.

Það er ljóst að Ísland fer í umspil um laust sæti á Evrópumótinu en þeir leikir fara fram í mars á næsta ári. Eins og staðan er núna verður andstæðingur íslenska liðsins þar Búlgaría, Rúmenía eða Ísrael.

Fari svo að Sviss komist áfram úr D-riðli keppninnar verður andstæðingurinn hins vegar Norður-Írland, Írland eða Slóvakía. Sviss er í þriðja sæti D-riðilsins eins og sakir standa en liðið mætir Georgíu í kvöld og Gíbraltar í lokaumferð riðilsins.

Fari úrslit eftir bókinni í þeim leikjum sem eftir eru í D-riðlinum verður seinni sviðsmyndin raunin í mars.

Næsta verkefni íslenska liðsins er hins vegar að klára riðilinn með sóma en liðið mætir Moldóvu í lokaumferðinni á sunnudaginn kemur.

Alfreð verður fjarri góðu gamni í þeim leik en hann fór úr axlarlið í leiknum í gær. Ekki er ljóst hversu alvarleg meiðsli Arnórs Ingva Traustasonar eru. Arnór Ingvi virtist hafa tognað aftan í læri en hann fór af velli í seinni hálfleik. Þá er spurning hvort Viðar Örn verði búinn að hrista af sér veikindin í tæka tíð fyrir þann leik.

Nú þurfa svo vallarstarfsmenn Laugardalsvallar að fara upp á tærnar og íslenskir knattspyrnuáhugamenn að biðja til veðurguðanna í von um að Laugardalsvöllurinn verði leikfær þegar að umspilinu kemur. Litlar líkur eru á því að bygging Laugardalsvallar verði komin úr undirbúningsnefnd í tæka tíð fyrir þá viðureign.

hjorvaro@frettabladid.is



# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 15. NÓVEMBER 2019



# Ljósið í myrkrinu

Hinn árlegi Ljósafoss Ljóssins niður hlíðar Esjunnar verður á morgun, 16. nóvember. Þetta verður í tíunda sinn sem velunnarar Ljóssins lýsa upp Esjuna og mynda táknrænan foss frá Steini og niður allan göngustíginn að Esjustofu. →2

**Þórunn Egilsdóttir og Guðný Ragnarsdóttir ætla báðar að taka þátt í Ljósafossinum en þær hafa báðar þurft á þjónustu Ljóssins að halda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR









LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu ➪

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





Guðný og Þórunn eru sammála um að þjónustan í Ljósinu sé einstök og Ljósafossinn sé afar táknrænn og fallegur viðburður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ljósafossinn er hugmynd eins manns, Þorsteins Jakobssonar, sem stóð á fjalli ári áður en fyrsti Ljósafossinn var genginn og fékk hugmynd um árlega fjallgöngu þar sem myrkrið væri lýst upp fyrir gott málefni. Gangan er nú orðin árviss viðburður og árlega taka hundruð manna þátt.

Þær Þórunn Egilsdóttir, þingmaður og þingflokksformaður Framsóknarflokksins, og Guðný Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur eru meðal þeirra sem ætla að taka þátt í göngunni á morgun en báðar hafa þær þurft að nýta þá þjónustu sem Ljósið býður upp á. Þórunn er að taka þátt í fyrsta sinn en Guðný í þriðja sinn.

„Ég kom fyrst inn í Ljósið fyrir nokkrum árum, þá með Willum Þór félaga mínum sem kynnti starfið fyrir mér. Hann hafði lengi verið mikill talsmaður Ljóssins og stutt það í sínum störfum. En nú er ég að kynnast því á eigin skinni því ég þarf á þjónustu Ljóssins að halda. Ég er þar í endurhæfingu og nýt þess mjög að fá allan þennan stuðning og leiðsögn og hafa aðgang að þeirri þekkingu og kunnáttu sem fólkið í Ljósinu býr yfir. Ljósagangan er hluti af endurhæfingunni hjá mér,“ segir Þórunn.

## Fer eins langt og hún kemst

Þórunn segist vera vön að ganga fjöll enda ölst hún upp við það og hefur farið í göngur eftir að hún flutti upp í sveit. „Ég komst ekki í göngur í haust vegna þess að ég var í minni meðferð og ég er ekkert viss um að ég komist upp að Steini, en ég hef ekki tölu á því hversu oft ég hef labbað þangað. Ég ætla bara að fara eins langt og ég treysti mér til núna en markmiðið inn í framtíðina er að komast aftur alla leið.“

Þórunn segir að þjónustan sem Ljósið býður upp á sé afskaplega mikilvæg. „Það hefur sannað sig og verið sýnt fram á að öll endurhæfing og allt það sem er í boði í Ljósinu er mikilvægt fyrir fólk sem er að byggja sig upp eftir hörð veikindi. Öll líkamleg hreyfing og útivera er líka mikilvæg.“

Þórunn reiknar með að eitthvað af hennar stuðningsfólki komi með henni í gönguna. „Ég veit að formaður flokksins ætlar að fara með mér, bæði til að sýna mér og Ljósinu og starfinu þar stuðning. Ég býst við að einhverjir úr mínum vinahópi og fjölskyldu komi líka.

> ❞ Fjallamennskan hefur verið besta mögulega aðferð fyrir mig til að fá hjartavöðvann til að verða betri.
>
> **Guðný Ragnarsdóttir**

Það er dásamlegt að taka þátt í þessum viðburði núna. Hann er svo lýsandi, þetta er svo táknrænt núna í skammdeginu að lýsa upp skammdegið og minna á að það er ljós í myrkrinu.“

## Eitt skref í einu

Guðný greindist með krabbamein árið 2016 og tók fyrst þátt í Ljósafossinum árið 2017. Strax og hún greindist fór hún í ráðgjafarþjónustuna og fékk að vita hvaða þjónusta væri í boði fyrir hana. „Ég fór þá líka beint inn í Ljósið, eiginlega bara sama dag og ég greindist en ég bjó þá úti á landi og gat ekki nýtt mér þjónustuna fyrr en ég ákvað að flytja í bæinn.“

Guðný nýtir sér enn sjúkraþjálfun og líkamsrækt hjá Ljósinu en fyrstu tvö árin eftir að hún greindist nýtti hún sér líka iðjuþjálfun, myndlist, leir og ýmsa aðra þjónustu. „Þetta er mjög sérhæfð þjónusta fyrir alla hópa, strákarnir mínir voru 5 og 9 ára þegar ég greindist og þeir fóru á námskeið ætlað þeirra aldurshópi. Ég og fyrrverandi maðurinn minn fórum líka á paranámskeið. Það er mjög fagmannlega staðið að allri starfsemi í Ljósinu og tekið mið af þörfum þeirra sem sækja þjónustuna,“ segir Guðný.



Þórunn segir að stefnan í framtíðinni sé að komast aftur upp að Steini. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eftir að Guðný hafði mætt í Ljósið reglulega í ár tók hún þá ákvörðun að ganga Laugaveginn. „Ég ákvað að fara ein á hraða snigilsins því ég treysti mér ekki með hópi út af minni skerðingu. Ég ætlaði að stoppa í öllum skálum á leiðinni en endaði á að stoppa bara eina nótt í Hvammsgili. Þegar ég var komin í Þórsmörk daginn eftir áttaði ég mig á að ég hafði bara tekið eitt skref í einu en það skilaði mér alla leið.“

## 250 kílómetrar eftir

Eftir Laugavegsgönguna setti Guðný sig í samband við gönguhóp. Þar var fólk sem hafði þverað landið og lét hana fá kort af gönguleiðinni. „Ég prófaði í nóvember 2018 að ganga fyrsta legginn. Ég gekk frá Reykjanestánni að Heiðmörk á einni helgi frá föstudegi til sunnudags þetta voru 66 kílómetrar. Þá var ég farin að teikna línu yfir landakort. Þetta var þá ekki lengur bara eitt skref í einu heldur var ég farin að sjá þetta raunverulega á stóru landakorti sem ég hengdi upp á vegg heima, þá hljóp kapp í mína,“ segir Guðný.

Eins og áður fór hún á sínum hraða og sínum forsendum. „Stefnan var að klára þverunina núna í nóvember en ég þarf frekar sérhæfða aðstoð til að komast yfir Þjórsárverin. Besti tíminn til að fara yfir var í júlí en þá var ég að klára legg yfir hálendið. Ég mun vonandi klára þetta á næsta ári. Ég geri ráð fyrir að þverunin sé um 700 kílómetrar og ég á 250 kílómetra eftir.“

Guðný segir að rannsóknir sýni að fjallamennska og útivist sé það besta sem hægt er að gera fyrir hjartavöðvann. „Hjartavöðvinn hjá mér laskaðist töluvert í þessari háskammtameðferð sem ég fór í. Fjallamennskan hefur verið besta mögulega aðferð fyrir mig til að fá hjartavöðvann til að verða betri.“

Guðný segist halda að hún sé búin að ná líkamlegri heilsu á ný. Hún segir það að stórum hluta Ljósinu að þakka. „Starfið sem er unnið þar er alveg einstakt. Ljósafossgangan er mjög táknræn, fólk labbar eins langt og það kemst og kveikir svo á Ljósinu á leið niður. Þá sér maður ljós á hreyfingu niður göngustíginn sem er ljós í myrkrinu líkt og Ljósið er.“

Ljósafossviðburðurinn hefst á morgun klukkan 15 við Esjustofu með upphitun en gangan hefst klukkan 16.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,



# Vistvænir bílar

FÖSTUDAGUR 15. NÓVEMBER 2019

Kynningar: Hekla, Brimborg



Hjördís María Ólafsdóttir, markaðsstjóri hjá Heklu, er himinlifandi yfir árangrinum sem náðst hefur og segir ýmislegt spennandi fram undan í heimi vistvænna ökutækja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Leiðandi í vistvænum ökutækjum

Hekla hefur frá árinu 2016 lagt metnað sinn í að bjóða upp á eitt mesta úrval landsins af vistvænum bílum. Hjördís María Ólafsdóttir markaðsstjóri segir árangur síðustu ára framar öllum vonum en það sem af er ári hefur Hekla selt flesta vistvæna bíla á Íslandi. →2



**Það ríkir mikil eftirvænting eftir hinum rafknúna Volkswagen ID3 sem er væntanlegur á næsta ári en framleiðandinn hefur sagt bílinn vera táknrænan fyrir nýja tíma.**



**Audi e-tron 55 bílarnir hafa slegið í gegn og er mikil tilhlökkun eftir Audi e-tron 50 Quattro.**



**Mitsubishi Outlander PHEV er einn mesti seldi bíll landsins.**

**Framhald af forsíðu ➪**

Við hjá Heklu tókum snemma ákvörðun um að leggja áherslu á vistvæna valkosti frá okkar birgjum," segir Hjördís. „Við bjóðum fjölbreytt úrval vistvænna bíla og sífellt bætist í vöruúrvalið hjá okkur. Við skilgreinum vistvæna bíla sem valkost sem nýtir sér íslenska orku og keyrir á henni óháð aðkomu hefðbundinna orkugjafa í skemmri eða lengri tíma. Þá í okkar tilfelli, rafmagnsbíla, tengiltvinnbíla og metanbíla, þ.e. bílar sem hægt er að setja í samband eða nýta metanbirgðir á Íslandi."

Árangurinn af samstarfinu við birgjana sé dæmalaus. „Það er skemmtilegt að segja frá því að með okkar öflugu birgjum þá höfum við verið söluhæsta bílaumboðið í þessum flokki og lengi vel hefur yfir helmingur allra seldra bíla hjá okkur verið vistvænn. Einnig er mest seldi bíll landsins til einstaklinga vistvænn Mitsubishi Outlander PHEV." Tölurnar tali sínu máli. „Rétt tæplega annar hver bíll sem Hekla hefur selt árið 2019 er vistvænn og það er árangur sem við erum mjög stolt af."

## Hagkvæmni og sveigjanleiki

Hekla býður upp á nokkrar gerðir vistvæna bíla en rafbíllinn er sennilega sá sem flestir kannast við. „Rafbíll er til að mynda bíll sem gengur eingöngu fyrir rafmagni. Má þar nefna að þeir eru hljóðlátari og mun hagkvæmari í rekstri." Munurinn á kostnaði er sláandi. „Til dæmis þá notar e-Golf 13,2 kWst á 100 km akstri sem kostar aðeins um 185 krónur. Að aka sömu vegalengd á bíl sem

> **Með tilkomu vistvænna ökutækja þá getum við nýtt hreina íslenska orku og erum ekki eins háð innflutningi á jarðefnaeldsneyti.**
>
> **Hjördís María Ólafsdóttir**



notar 5 lítra af bensíni á 100 km kostar 1.196 kr.," útskýrir Hjördís.

„Í dag bjóðum við til að mynda fimm mismunandi hreina rafbíla, allt frá smábílnum Volkswagen e-Up! yfir í sportjeppann Audi e-tron 55 quattro og sendibílinn Volkswagen e-Crafter. Hægt er að velja á milli fjögurra ólíkra tengiltvinnbíla allt frá Volkswagen Passat GTE yfir í vinsælasta bílinn á Íslandi Mitsubishi Outlander PHEV."

Þá eru tengiltvinnbílar líka vinsælir en þeir bjóða upp á mikinn sveigjanleika. „Tengiltvinnbílar (Plug in Hybrid) eru tvíorkubílar sem hægt er að stinga í samband og ganga hvort tveggja fyrir rafmagni og annað hvort bensín- eða dísilolíu. Tengiltvinnbílarnir okkar ná því að dekka allan daglegan akstur á raforku en þegar farið er í lengri ferðir þá notast bíllinn við hefðbundið jarðefnaeldsneyti."

Spennandi tímar eru fram undan í heimi tengiltvinnbíla. „Skoda kynnir fyrstu tengiltvinnbílana sína Superb iV og Octavia iV auk þess sem Mitsubishi kynnir nýjan tengiltvinnbíl sem mun vonandi fá eins góðar viðtökur og Outlander PHEV. Hjá Audi koma nýjar útgáfur af vinsælu tengiltvinnbílunum A3 TFSIe og Q7 TFSIe sem hafa selst mjög vel hér á Íslandi."

## Öfugt kolefnisspor

„Metanbílar eru sá hópur vistvæna bíla sem kannski fær minnsta umfjöllun," segir Hjördís. „Ökutækin hafa tvo eldsneytisgeyma, metan- og bensíngeymi. Vél metan/bensínbíls er að öllu upplagi eins og í bensínbíl sömu gerðar og stjórn- og öryggisbúnaður hinn sami. Í akstri finnur ökumaður engan mun á því hvort vélin gengur fyrir metani eða bensíni."

Ávinningurinn af metanbílum er með ólíkindum. „Helsti kostur metanbíla, fyrir utan það að vera hagkvæmari í rekstri heldur en hefðbundnir bílar, er að þeir hafa öfugt kolefnisfótspor. Það sem ég á við með því er að bíll sem brennir metani dregur úr gróðurhúsaáhrifum þar sem óbrunnið metangas hefur yfir tuttugufalt meiri áhrif en koltvísýringurinn sem verður til við brunann. Með notkun á íslensku metangasi í stað hefðbundins jarðefnaeldsneytis er dregið verulega úr því magni af koldíoxíði sem annars myndi losna út í umhverfið."

## Mikilvæg þróun

Hjördís segir vistvænar lausnir í þessum málaflokki þýðingarmiklar fyrir íslensku þjóðina. „Fyrir okkur Íslendinga eru vistvæn ökutæki ekki eingöngu mikilvæg til þess að minnka kolefnisspor okkar heldur einnig í ljósi þess að með tilkomu vistvænna ökutækja þá getum við nýtt hreina íslenska orku og erum ekki eins háð innflutningi á jarðefnaeldsneyti. Þróunin í vistvænum ökutækjum sem og eftirspurnin eftir slíkum ökutækjum hefur margfaldast á síðustu misserum og við teljum að sú þróun haldi áfram."

„Meðalaldur bifreiða í dag er yfir 12 ár og því þörf á endurnýjun á gömlum flota Íslendinga og því nauðsynlegt að skipta þeim út fyrir vistvænni bifreiðar. Eftirspurn eftir vistvænum bílum er að aukast og því eigum við von á því að hlutdeild þeirra aukist töluvert á næstu árum og því mikilvægt að huga að uppbyggingu innviða. Nú þegar er stór hluti af okkar sölu í flokki vistvænna ökutækja, Audi og Mitsubishi selja nánast eingöngu bíla í þeim flokki."

Þá ríki mikil eftirvænting eftir næstu skrefum. „Vöruúrvalið eykst töluvert á næsta ári og við sjáum að verðið er að verða enn hagstæðara með aukinni framleiðslu. Til að mynda þá er mikil eftirvænting eftir ID-línu Volkswagen sem er væntanleg á næsta ári, þar ætlar Volkswagen að endurtaka leikinn frá því þeir kynntu Bjölluna og Golf og bjóða rafmagnsbíla fyrir alla á viðráðanlegu verði."

## Sáraeinfalt að skipta

Hjördís segir að huga þurfi að ýmsu þegar kemur að kaupum á vistvænum ökutækjum, en markviss þjálfun sölufólks geri þeim kleift að aðstoða viðskiptavini við valið. „Það er misjafnt hvað hentar hverjum og einum og því höfum við lagt mikið upp úr því að þjálfa söludeildir okkar til að geta svarað helstu spurningum."

„Það gildir það sama þegar kemur að vali á vistvænum ökutækjum eins og öðrum ökutækjum að fólk þarf að vera búið að greina hvernig bíllinn verður notaður. Hversu mikið verður hann keyrður og við hvaða aðstæður, hversu rúmgóður þarf hann að vera og þar fram eftir götunum. Með því að vera búin/n að hugsa þetta fyrir fram þá eru mun meiri líkur á að fólk velji bíl við hæfi sem uppfyllir þær kröfur sem fólk gerir."

Þá sé umstangið í kringum rafbíla stórkostlega ofmetið, raunin sé sú að þeir séu þægilegir í notkun og krefjist ekki mikillar fyrirhafnar. „Drægni rafbíla er gott dæmi um hindrun sem margir setja fyrir sig en með mikilli uppbyggingu á innviðum er sá þröskuldur orðinn lægri og ef við tökum meðaltalsakstur á íbúa hér á suðvesturhorninu þá er meðalakstur á dag um 30 km. Þá rafbíla sem standa til boða í dag þarf eingöngu að hlaða 2-4 sinnum í mánuði eftir því hvernig bíl þú velur," útskýrir hún.

„Aðrir þættir sem vert er að hafa í huga er hvernig þjónustu við bílinn er háttað og hvort innflutningsaðili ökutækis hafi þekkingu og tæki og tól til að bregðast við ef eitthvað kemur upp varðandi bílinn."

Hjördís hvetur áhugasama til að kynna sér úrvalið. „Inni á heimasíðu Heklu, hekla.is, höfum við tekið saman svör við alls kyns spurningum sem fólk kann að hafa þegar kemur að vali á vistvænum bíl og hægt er að skoða úrval vistvænna bíla á vistvænir.is."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, | Veffang: frettabladid.is

HEKLA

# Minnkaðu kolefnissporið með **vistvænum** kosti frá HEKLU

www.vistvænir.is



# Gefur út sjálfbærniverkefni

**Formúla 1 tilkynnti á heimasíðu sinni fyrir skemmstu áætlanir sínar um að kolefnisjafna sig fyrir árið 2030. Formúlan hefur verið frumkvöðull í tæknimálum og nýjungum í yfir 70 ár.**

Ari Ásgeir Guðjónsson
ariasgeir@frettabladid.is






**Formúla 1 hefur alla tíð verið framarlega í nýjustu tækni er varðar búnað í akstursstæki.**

Áætlunin var unnin í samstarfi við Alþjóðaakstursíþróttasambandið, FIA, Formúlu 1 lið, sérfræðinga í sjálfbærni og aðra tengiliði samtakanna. Samkvæmt tilkynningunni verður um leið hafist handa við minnkun kolefnislosunar á kappakstursbrautunum.

„Með því að koma af stað fyrsta sjálfbærniverkefni í sögu Formúlu 1, erum við meðvitaðir um það mikilvæga hlutverk sem öll samtök verða að taka að sér í baráttunni við það alheimsvandamál sem loftslagsbreytingarnar eru,“ segir Chase Carey, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri F1.

Í fréttinni er lögð áhersla á það mikilvæga hlutverk sem Formúla 1 gegnir er kemur að nýsköpun í bílaiðnaðinum. Samtökin hafi stærri vettvang til þess að stuðla að hraðari þróun nýrrar tækni með það að markmiði að minnka kolefnislosun sem núverandi sprengihreyflar gefa frá sér. Samkvæmt því munu tvinnhreyflar leika stórt hlutverk í framtíð bílaiðnaðarins.

## Frumkvöðull í tæknimálum

„F1 hefur í yfir 70 ár verið frumkvöðull í tæknimálum og tækninýjungum sem hafa verið lofsvert framlag til heimsbyggðarinnar og stuðlað að minni kolefnislosun. Dæmi um þetta eru tímamótaskref í loftflæðihönnun og framförum í hemlatækni. Framfarir á þessum sviðum, sem hafa orðið innan herbúða Formúlu 1 keppnisliða, hafa gagnast hundruðum milljóna ökutækja sem eru í notkun í dag,“ sagði Carey.

Með tvinnhreyflum í núverandi formúlubílum, sem gerir þá aflmeiri þrátt fyrir minni eldsneytiseyðslu, ásamt sjálfbæru eldsneyti og endurnýtanlegri orku, gefst tækifæri til þess að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum þeirra. Af öllum bílum heimsins, sem eru um 1,1 milljarður, er rúmur milljarður knúinn sprengihreyflum og gæfi þessi tækni því tækifæri til gríðarlegs samdráttar í kolefnislosun um allan heiminn.

Carey sagði að það væri ekki á allra vitorði að sparneytnustu aflrásir sem til eru miðað við afl væri að finna í F1 bílum.

„Við teljum að F1 geti áfram verið í fararbroddi tækniframfara í bílaiðnaðinum. Við teljum að með samstarfi við vélaframleiðendur og bílaiðnaðinn sé framleiðsla á tvinnvél sem losar ekki kolefni innan seilingar. Vél af þessu tagi myndi draga gríðarlega úr kolefnislosun um allan heim þegar hún fer síðar í fjöldaframleiðslu fyrir önnur ökutæki.“

Til þess að auka framlag sitt enn frekar til kolefnisjöfnunar ætlar F1 að eiga frumkvæði að því að tryggja eins mikla nýtni og hægt er. Til að mynda á öllu sem lýtur að skipulagningu á aðdráttum, viðhaldi og flutningi á vistum, skrifstofum, aðstöðu og verksmiðjum og með notkun 100% endurnýtanlegrar orku.

## Skuldbinda sig til sjálfbærni

Samkvæmt áætlun munu allir viðburðir F1 vera orðnir sjálfbærir fyrir 2025. Í því felst notkun sjálfbærra efna og bann við einnota plasti. Einnig mun allur úrgangur verða endurnýttur, endurunninn eða settur í safnhaug. Auk þess ætlar F1 að bjóða upp á leiðir fyrir aðdáendur til að komast á kappakstur eftir umhverfisvænni leiðum og tryggja vellíðan þeirra á brautunum án þess þó að taka nánar fram hvernig það verður gert. Einnig verður aðgengi heimamanna, fyrirtækja og samtaka að Formúlu 1 viðburðum bætt.

Jean Todt, fyrrverandi liðsstjóri Ferrari og forseti FIA frá árinu 2009, fagnar mjög framtaki F1 og segir það í takt við stefnu umhverfisverndar- og sjálfbærninefndar Alþjóðaakstursíþróttasambandsins og rannsóknir þess á endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir akstursíþróttir. FIA hafi kynnt til sögunnar tvinnvél fyrir Formúlu 1 strax árið 2014 og stefnan nú sé í rökréttu framhaldi.

„FIA fagnar mjög framtaki F1. Það boðar ekki einungis bjarta framtíð fyrir akstursíþróttirnar heldur ekki síður fyrir heimsbyggðina alla. Með samstilltu átaki Formúlu 1 keppnisliðanna, ökuþóra, fjölda hagsmunaaðila sem tengjast F1 og síðast en ekki síst þeirra milljóna aðdáenda íþróttarinnar um allan heim eru F1 og FIA staðráðin í því að knýja fram tækniframfarir á þessu sviði og tryggja það að mikilvægi akstursíþrótta í framþróun umhverfisvænna tækninýjunga aukist enn frekar,“ segir Todt.

> **Samkvæmt áætlun munu allir viðburðir F1 vera orðnir sjálfbærir fyrir 2025. Í því felst notkun sjálfbærra efna og bann við einnota plasti.**



# Rafmögnuð framtíð með Peugeot

## Peugeot ætlar að bjóða alla sína bíla í rafmagnaðri útgáfu fyrir árið 2025. Nú þegar er von á tveimur nýjum rafmagnsbílum og 300 hestafla tengiltvinnjeppa frá framleiðandanum.

Sala á tengiltvinnjeppum og rafmagnsbílum hefur farið vaxandi víða um heim undanfarin ár þar sem sífellt fleiri velja umhverfisvæna kosti og Ísland er þar engin undantekning. Peugeot leggur sitt af mörkum til að taka þátt í raforkuskiptum með framboði á langdrægum, kraftmiklum Peugeot 3008 tengiltvinnjeppa með allt að 59 km drægni, Peugeot e-208 rafbíl með 340 km drægni og Peugeot e-2008 rafbíl sem hefur 310 km drægni.

„Þessir bílar eru merki um einbeitta stefnu Peugeot um að allar gerðir Peugeot bíla verði fáanlegar í rafmagnaðri útgáfu árið 2025,“ segir Benný Ósk Harðardóttir, sölustjóri Peugeot á Íslandi. „Brimborg, umboðsaðili Peugeot á Íslandi, hefur nú þegar hafið forsölu á Peugeot 3008 SUV tengiltvinnjeppanum og Peugeot e-208 rafbílnum, en forsala á Peugeot e-2008 rafbílnum hefst í desember.“

### Langdrægur tengiltvinnjeppi með fram- eða fjórhjóladrifi

„Peugeot 3008 SUV á stóran hlut í auknum vinsældum Peugeot á Íslandi og nú kemur hann í tengiltvinnútgáfu með 22 cm veghæð og drægni á 100% hreinu rafmagni sem er allt að 59 kílómetrar. Bílinn er hægt að fullhlaða á aðeins einni klukkustund og 45 mínútum,“ segir Benný. „Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri er ekki nema 1,6 til 2,2 l á hverja 100 kílómetra og $CO_2$ losun er aðeins 33-49 grömm á kílómetra, samkvæmt WLTP-mælingu.

Í Peugeot 3008 SUV PHEV er val um tvær aflrásir,“ segir Benný. „Annars vegar 225 hestöfl með framdrifi og hins vegar 300 hestöfl með fjórhjóladrifi. Báðar útgáfur bjóða upp á átta gíra sjálfskiptingu, fimm ára heildarábyrgð og átta ára ábyrgð á rafhlöðu.

Í fyrstu verður Peugeot 3008 SUV PHEV í boði í GT útfærslu, hlaðinn staðalbúnaði auk 300 hestafla vélar og fjórhjóladrifs,“ segir Benný. „Hann er annars vegar knúinn áfram af bensínvél og hins vegar af tveimur rafmagnsvélum sem skila samanlagt 300 hestöflum, miklu afli og einstökum akstursеiginleikum. Það er líka hægt að nota fjórhjóladrifið á 100% rafmagnsstillingu.

Peugeot 3008 SUV er margverðlaunaður og hefur fengið sérstakt lof fyrir einstaka hönnun. Að innan er nútímaleg i-Cockpit innrétting í lykilhlutverki með nýjustu tækni, þar sem allar upplýsingar eru í sjónlínu ökumanns,“ segir Benný. „Nýr Peugeot 3008 SUV PHEV er væntanlegur í febrúar 2020.“



Benný hvetur fólk til að líta inn í sýningarsali Peugeot við Bíldshöfða í Reykjavík og Tryggvagötu á Akureyri og láta gæðin heilla sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Peugeot e-2008 SUV er sjálfskiptur og með allt að 310 kílómetra drægni. Hann hefur nútímalegt og sportlegt útlit og er með sportstýri.




Peugeot e-208 rafbíllinn er sjálfskiptur og hefur allt að 340 kílómetra drægni. Bíllinn er rúmgóður að innan og búinn nýjustu aksturs- og öryggistækni.




Peugeot 3008 tengiltvinnjeppinn er með allt að 59 km drægni á hreinu rafmagni og það er hægt að fullhlaða hann á aðeins einni klukkustund og 45 mínútum. Hægt er að nota fjórhjóladrifið á 100% rafmagnsstillingu.

### 100% rafbíll með 340 km drægni

„Glænýr Peugeot e-208 er sjálfskiptur, 136 hestafla rafbíll með 50 kW rafhlöðu sem skilar allt að 340 kílómetra drægni við kjöraðstæður, samkvæmt WLTP mælingu. Rafhlöðuna er hægt að hraðhlaða í allt að 80% hleðslu á 30 mínútum og í 100% hleðslu á 7,5 klst. með heimahleðslustöð,“ segir Benný. „Hönnun nýja Peugeot e-208 hefur hlotið einróma lof fyrir framsækið útlit að innan sem utan og bíllinn er rúmgóður að innan, þar sem rafhlaðan tekur ekkert pláss frá innra rými bílsins.

Þú sest inn í fullkominn stafrænan heim í Peugeot e-208, með nýjustu kynslóð af tækni og þrívíddarmælaborð,“ segir Benný. „Bíllinn hefur nýjustu aksturs- og öryggistækni sem aðstoðar ökumanninn við akstur og tryggir örugga ökuferð. Peugeot e-208 er væntanlegur í janúar og verð er frá 3.790.000 kr.“



**Allar gerðir Peugeot bíla verða fáanlegar í rafmagnaðri útgáfu árið 2025.**

### Nýr Peugeot e-2008 SUV rafbíll með 300 km drægni

„Nýr Peugeot e-2008 SUV er sjálfskiptur, 136 hestafla rafbíll með 50 kW rafhlöðu sem skilar drægni við kjöraðstæður allt að 310 kílómetra, samkvæmt WLTP-mælingu. Rafhlöðuna er hægt að hraðhlaða í allt að 80% hleðslu á 30 mínútum og í 100% hleðslu á 7,5 klst í heimahleðslustöð,“ segir Benný. „Útlitið er nútímalegt og sportlegt að innan sem utan og óhætt er að segja að nýr 2008 gefi Peugeot 3008 SUV ekkert eftir.

Með stafrænu i-Cockpit þrívíddarmælaborði hefur þú akstursupplýsingar og stjórntæki á skjánum fyrir framan þig eða í stýrinu. Sportstýri i-Cockpit eykur líka stjórn og veitir næmara viðbragð, en þetta gerir þér sem ökumanni kleift að einbeita þér að því skemmtilega; að keyra!“ segir Benný. „Peugeot e-2008 SUV er væntanlegur í apríl 2020 og verður kynntur nánar síðar.“

### Nýtt snjallsímaforrit sem gefur yfirsýn og aukna stjórn

„Samhliða þessum nýju bílum kynnir Peugeot snjallsímaforritið My Peugeot App, þar sem þú hefur yfirsýn og getur stjórnað aðgerðum. Má þar nefna stöðu á hleðslu, tölfræði um rafmagnsnotkun í síðustu ferðum og möguleika á að virkja, stöðva eða tímasetja hleðslu,“ segir Benný. „Það er meira að segja hægt að tímastilla forhitun svo að þú getir sest inn í heitan bíl.

Vinsældir Peugeot bíla á Íslandi hafa aukist síðustu ár og nýtt rafmagnað framboð mun bara auka vinsældirnar enn frekar,“ segir Benný. „Nú þegar hafa viðbrögðin í forsölu á nýjum Peugeot 3008 SUV PHEV og Peugeot e-208 farið fram úr björtustu vonum.

Sala tengiltvinnjeppa hefur aukist víða um heim og því verður takmarkað magn í boði á Íslandi, en Brimborg hefur tryggt sér takmarkað magn bíla sem eru nú til forsölu í nýjum vefsýningarsal á brimborg.is og í sýningarsal Peugeot við Bíldshöfða 8 í Reykjavík og á Tryggvabraut 5 á Akureyri,“ segir Benný. „Komdu og láttu gæðin heilla þig og stökktu með okkur inn í næstu kynslóð af tækni og rafmagnaða framtíð hjá Peugeot.“

Allar nánari upplýsingar má fá hjá sölustjóra Peugeot á Íslandi, Benný Ósk Harðardóttur, bennyh@brimborg.is eða í síma 515 7802.

# Fjöldi tengiltvinnbíla 2020

## Margir þeirra fá aðeins nokkra mánuði í sölu áður en verðið hækkar aftur.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Það gerist ekki oft á hverri öld að við upplifum miklar breytingar eins og nú eru að verða í bílaheiminum. Þar eru að eiga sér stað skipti á orkugjafa sem eiga sér ekki hliðstæðu í sögu bílaframleiðslu síðustu 130 árin eða svo. Einmitt á þessum tímapunkti eru að koma á markað fjölmargir nýir rafbílar og ekki síður tengiltvinnbílar og því skjóta skökku við áform yfirvalda um að hætta ívilnunum á þeirri gerð bíla með nýju frumvarpi. Flestir nýrra tengiltvinnbíla eru einmitt að koma á markað núna eða á næstu mánuðum og frá flestum framleiðendum, en hingað til hafa sum umboð verið betur í stakk búin en önnur til að svara þessum þörfum markaðarins. Við skulum aðeins skoða hvaða tengiltvinnbílar eru á leiðinni á markað hérlendis á næstunni.

### Fjöldi hjá Öskju og Brimborg

Um 15 gerðir tengiltvinnbíla eru væntanlegar næsta árið hjá Mercedes-Benz, bílar eins og C 300e, E 300e og S 560e eru þegar komnir og GLC 300e er væntanlegur í janúar. Strax í kjölfarið koma A 250e og B 250e í mars og svo GLA 250e, CLA 250e og GLC 300de í júlí. GLE 350e kemur svo í september. Þrír tengiltvinnbílar eru væntanlegir frá Kia á næsta ári, Ceed Sportwagon á fyrsta ársfjórðungi, Xceed á öðrum ársfjórðungi og svo Sorento í lok árs.

Fjöldi tengiltvinnbíla er væntanlegur frá Brimborg strax á fyrri hluta næsta árs. Nægir þar að nefna XC40, 60 og 90 PHEV, S og V90 PHEV og S og V60 PHEV hjá Volvo-deildinni. Hjá Ford koma Kuga, Explorer, Custom og Tourneo allir í PHEV-útfærslum. Peugeot 3008 PHEV er strax kominn í forsölu og er handan við hornið og sama má segja um Citroën C5 Aircross PHEV.

### Margt nýtt hjá BL og Heklu

Listinn er líka langur hjá BL en BMW X5 PHEV er þar fyrstur í röðinni og verður kynntur í lok þessa mánaðar. Á næsta ári munum við einnig sjá BMW X1 og X3 í PHEV-útfærslum. Sama er uppi á teningnum hjá Land Rover-deildinni, en Evoque og Discovery Sport PHEV koma strax í apríl, en Velar og Defender PHEV eru einnig væntanlegir. Einnig eru Jagúar F-Pace og E-Pace tengiltvinnbílar væntanlegir haustið 2020. Hjá Renault er Captur PHEV einnig væntanlegur.



Skoda Superb iV er tengiltvinnútgáfa flaggskips Skoda og er væntanlegur með vorinu.

Margs er að vænta hjá Heklu sem hefur mikla reynslu í sölu tengiltvinnbíla. Audi Q5 TFSI PHEV er nýkominn á markað en fleiri eru á leiðinni, eins og tengiltvinnútgáfa af Q7 sem kynnt verður í apríl. Skoda-línan er óðum að rafvæðast og næst á dagskrá er PHEV-útgáfa Superb sem kemur í mars. Octavia verður kynnt hérlendis í september og þá líka sem tengiltvinnbíll og Skoda Kamiq PHEV er handan við hornið. VW mun svo kynna tvær PHEV-útgáfur Golf næsta haust og von er á nýjum Mitsubishi PHEV jepplingi seinni hluta 2020.

### Fleiri umboð í startholunum

Hjá öðrum umboðum eru einnig nokkrir tengiltvinnbílar á döfinni. Suzuki er líkt og aðrir framleiðendur að rafvæða framleiðslulínu sína og sýndi nýjan tengiltvinnbíl í Tókýó. Flestar gerðir þeirra verða boðnar sem tengiltvinnbílar þótt ekki sé vitað hvenær nákvæmlega það gerist. Alfa Romeo Tonale er nýr jepplingur frá framleiðandanum sem einnig verður tengiltvinnbíll.

Toyota RAV4 PHEV verður frumsýndur í næstu viku á Bílasýningunni í Los Angeles og verður eflaust í boði seint á næsta ári hérlendis. Opel Grandland X Hybrid4 er tengiltvinnbíll sem frumsýndur var í Frankfurt og verður boðinn á næsta ári. Fleiri tengiltvinnútgáfur af Cayenne-sportjeppanum eru á leiðinni en lengra er í að SsangYong komi með slíka útgáfu á markað þótt gefið hafi verið út að það sé á teikniborðinu.

Þótt listinn hér sé kannski ekki alveg tæmandi nær hann nokkuð vel yfir þá tengiltvinnbíla sem í boði verða hér á landi næsta ár. Þá er ótalinn annar eins fjöldi mildra tvinnbíla (HEV) sem ekki eru með hleðslutengi eins og PHEV-bílarnir, heldur sjá bílarnir sjálfir um að hlaða talsvert minni rafhlöðu sem er þá aðeins notuð til akstursaðstoðar. Sama má segja um 100% rafbíla sem eru margir í deiglunni eða jafnvel væntanlegir strax á næsta ári. Ívilnanir þeirra munu þó duga eitthvað lengur ef frumvarpið nær óbreytt fram að ganga.

Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

Viðskiptavinir Landsbankans greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Öryggi barna í umferðinni

Málþing um börn og samgöngur verður haldið á mánudaginn kl. 12.30 til 16.30 á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í samvinnu við Samgöngustofu, Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga. Málþingið verður haldið í Sveinatungu á Garðatorgi (Ráðhúsi Garðabæjar).

Á þinginu munu bæði ungir sem aldnir taka til máls og ræða stöðu barna í samgöngum í víðu samhengi. Í kjölfar fyrirlestra verða pallborðsumræður. Málþingið er öllum opið en nauðsynlegt er að skrá sig. Fundinum verður streymt í beinni útsendingu á vef Stjórnarráðsins

**» Áhugavert málþing verður á mánudag um umferðaröryggi.**

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Þórunn Egilsdóttir, formaður samgönguráðs, flytja ávörp auk annarra. Rætt verður um umferðaröryggi vítt og breitt, þar má til dæmis nefna hagnýtingu sálfræðilegrar þekkingar til að breyta ferðavenjum og öryggi barna í Reykjavík.

Dagskrána má skoða á vef samgönguráðuneytisins.



**Samgönguráðuneytið stendur fyrir málþingi um börn og umferð.**



**Notum umhverfisvottuð hreinsiefni þegar við þvoum bílinn.** NORDIC PHOTOS/GETTY

## Vistvæn bílaumhirða

Kostir umhverfisvænni bíla eru ótvíræðir en þeim fylgir bæði fjárhagslegur og umhverfislegur ávinningur. Orkan sem þeir nota er ódýrari og hefur minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Þess má geta að virðisaukaskattur á rafmagnsbifreiðar hefur verið lagður niður í nokkur ár og vörugjald af ökutækjum er breytilegt eftir skráðri losun koltvísýrings ökutækisins. Upphæð bifreiðagjalds fer einnig eftir þyngd bifreiðar og losun koltvísýrings ($CO_2$).

Mest öll efnisnotkun er almennt óæskileg þegar við skoðum hana út frá umhverfismálum. Bæði efnin sjálf geta verið skaðleg ef þau fara út í náttúruna óhreinsuð og svo er það líka framleiðsla efnanna sem hefur umhverfisáhrif. Reglurnar eru almennt þessar:

Þvoum bílinn á bílaþvottastöð þar sem frárennslisvatn er að einhverju leyti hreinsað eða efni af bílum skolast frá og eru meðhöndluð sem spilliefni. Það er betra að óæskileg efni fari í frárennsli þar en í afrennsli heima á bílaplaninu sem fer beint í ofanvatn án hreinsunar.

Sleppum hreinsiefnum eins og hægt er eða fáum umhverfisvottuð hreinsiefni, bón og aðrar vörur til þvotta á bílnum.

**Heimild: Umhverfisstofnun, ust.is**



**Tesla Model S er langdrægasti bílinn.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Langdrægasti rafbíllinn

Þegar keyptur er rafbíll er drægnin oft það fyrsta sem kaupandinn hugsar um. Nú til dags eru komnar þó nokkuð margar tegundir rafbíla sem geta keyrt 400 kílómetra á einni hleðslu. Samkvæmt mælingum á rafbílum er Tesla Model S Long Range langdrægasti rafbíllinn á markaðnum í dag en hann á að geta keyrt allt að 600 kílómetra á einni hleðslu. Þegar drægni rafbíla er mæld er oftast miðað við bestu aðstæður og um það bil 20°C hita. Hér á landi er meðalhitastigið töluvert lægra en það og því má reikna með að uppgefin drægni sé styttri hérlendis.



# Betri er bók í pakka en bóklaus pakki.




tilboðsverð kr. 2.590
fullt verð kr 3.599




tilboðsverð kr. 5.790
fullt verð kr. 8.290




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 1.999
fullt verð kr. 2.999




tilboðsverð kr. 4890
fullt verð kr. 6.990




tilboðsverð kr. 6.299
fullt verð kr. 8.999




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 3.190
fullt verð kr. 4.499




tilboðsverð kr. 2.899
fullt verð kr. 3.999




tilboðsverð kr. 4.690
fullt verð kr. 6.690




tilboðsverð kr. 4.590
fullt verð kr. 6.495

tilboðsverð gilda til 24. nóv.




**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is









## Þjónusta




## Fasteignir








Tacx
castelli
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is
WWW.TRI.IS
Sendingakostnaður fellur niður ef
verslað er fyrir 10.000kr eða meira.*
Gpad
Gpad Svan
Verð: 89.990kr
WWW.TRI.IS
Rafmagnshlaupahjól
Hleðslutími: 4 klst
Drægni: Allt að 30 km
Þyngd: 12.5 kg
Gpad Max
Verð: 59.990kr
WWW.TRI.IS
STAGES
ParkTool
TACX NEO T2
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# Húsfreyjan sjötug og síung í eðli sínu

**Málþing og afmælishóf verður haldið í dag á Hallveigarstöðum við Túngötu í tilefni sjötíu ára afmælis Húsfreyjunnar sem Kvenfélagasamband Íslands hefur gefið út alla tíð.**

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur hefur ritstýrt tímaritinu Húsfreyjunni í sextán ár. Þar með hefur hún slegið metið, því engin hefur verið lengur í því embætti, þó Húsfreyjan sé 70 ára.

„Þegar ég byrjaði var ég kúabóndi í Miðhvammi í Aðaldal í Þingeyjarsýslu og dagurinn snérist um kýr, kálfa, aðra nautgripi og dráttarvélar. Svo venti ég mínu kvæði í kross, lauk sálfræðinámi og er nú með eigin sálfræðistofu, í Reykjavík, Huglind ehf. í Kringlunni. Ég vinn bæði með einstaklingum að því að bæta líðan þeirra og heilsu og er með námskeið og fyrirlestra bæði hér á landi og fyrir Íslendinga á Spáni. En allan tímann hefur Húsfreyjan fylgt mér sem segir sína sögu um hve skemmtileg hún er. Hún er vandað, prentað tímarit sem kemur út fjórum sinnum á ári.“

Kristín Linda er uppalin í Hjarðarholti í Fnjóskadal þar sem foreldrar hennar búa enn og hún ólst upp við Húsfreyjuna á heimilinu. En hvað heillaði hana við ritstjórastarfið?

„Í fyrsta lagi finnst mér gaman að geta lagt mitt af mörkum til þess að þetta tímarit íslenskra kvenna blómstri og haldi velli. Það er dálítið einstakt að það hefur verið gefið út af sama eigenda, Kvenfélagasambandi Íslands, í 70 ár. Það varðveitir hluta af sögu og menningu íslenskra kvenna og ég vil gjarnan leggja því lið. Svo er gaman að geta beint kastljósinu að því sem vel er gert og til fyrirmyndar og vera með viðtöl við áhugaverðar konur og umfjöllunarefni sem mér finnst jákvæð og hvetjandi fyrir okkur hinar.“

Kristín Linda segir Húsfreyjuna alltaf vera í þróun, í takt við tímann, en ákveðin gildi hafi haldið sér alla tíð, eins og að vera með ýmiss konar fróðleik sem snúi að daglega lífinu, heimilinu og líðan og lífsgæðum fólks. Undanfarin ár hafi til dæmis verið fræðsla um matarsóun og fatasóun í Húsfreyjunni en á 6. áratugnum hafi meira verið skrifað um hreinlæti á heimilum, ræktun grænmetis og heimasaum á fötum.

„Svo er þetta blað Kvenfélagasambandsins og fréttir af kvenfélögunum eru fastur liður. Á Íslandi eru nú 154 kvenfélög, mörg í miklum blóma og tvö eru nýstofnuð. Ég var í öflugu kvenfélagi Aðaldæla þegar ég bjó þar og nú er ég í kvenfélagi Grindavíkur, þar eru yfir hundrað konur og mikið líf og fjör,“ tekur hún fram

Kristín Linda skrifar mest í blaðið, enda er hún ritstjórinn og blaðamaðurinn en kveðst líka vera með þáttastjórnendur sem sjái til dæmis um handavinnu og matarumfjöllum – hvort tveggja vinsælt efni. „Í blaðinu sem kemur út í dag er forsíðuviðtal við Elizu Reid forsetafrú, uppskrift að verðlaunasjali og spennandi uppskriftir að sykurlitlum jólakökum, svona til dæmis.“

Hún segir þær sem verða með erindi á málþinginu hafa setið löngum stundum uppi á Þjóðarbókhlöðu að fara í gegnum alla þessa 70 árganga tímaritsins. „Þá sér maður hvernig blaðið hefur fjallað um málefni kvenna og birt tískuna og tíðarandann hverju sinni. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur gerir úttekt á því hvaða konur völdust sem viðmælendur. Jóhanna Erla Pálmadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Textílseturs Íslands, fer yfir hvernig Húsfreyjan hefur varðveitt hannyrðasögu þjóðarinnar. Guðrún Hallgrímsdóttir fjallar um fæðuval og matarmenningu í Húsfreyjunni og hver þróunin hefur verið. Einu sinni voru uppskriftir til dæmis með litlum sykri vegna sykurskorts og nú erum við aftur að leita að slíkum uppskriftum vegna hollustuháttа. Svo fjallar Rakel Sigurðardóttir, sunnlensk kvenfélagskona, um Húsfreyjuna og horfir til framtíðar, úrslit verða birt í ljóðaákeppni blaðsins og Þuríður Sigurðardóttir syngur fyrir gesti.“

**gun@frettabladid.is**




**Kristín Linda hefur átt drjúga samleið með Húsfreyjunni og verið ritstjóri hennar lengst allra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**En allan tímann hefur Húsfreyjan fylgt mér sem segir sína sögu um hve skemmtileg hún er. Hún er vandað, prentað tímarit sem kemur út fjórum sinnum á ári.**

# Spila bæði á gaman og alvöru í sinni list sem sýnd er í Hveragerði

Það er ágætt að opna þessa sýningu núna þegar jólabrjálæðið er að byrja,“ segir Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga í Hveragerði, og á við sýninguna Tilvist og Thoreau sem verður opnuð í safninu á morgun, laugardag.

„Þær Hildur, Eva og Elín eru allar með vísanir í náttúruna,“ segir Inga og á við þær Hildi Hákonardóttur og Evu Bjarnadóttur myndlistarmenn og Elínu Gunnlaugsdóttur tónskáld. Þær hafa, hver um sig, unnið verk sem eiga uppsprettu sína í bókinni Walden: Lífið í skóginum eftir H.D. Thoreau. Bókin byggir á hans eigin reynslu frá því þegar hann yfirgaf borgarsamfélagið og flutti einn inn í skóg.

Í sýningarstjórn Ingu mynda verk kvennanna þriggja eina innsetningu sem nær yfir gólf og veggi og vekur hugrenningar og tengsl við viðfangsefni samtímans. Hún lýsir þeim í stuttu máli svo: „Hildur blandar saman texta og textíl og leggur til vídeóverk. Hennar boðskapur gengur út á að hægja á neysluhjólinu, í anda Thoreau, og freistast ekki til að viða að okkur einhverju sem við höfum enga raunverulega þörf fyrir. Eva vinnur með samtengingar í bókinni sem segja lítið hver og ein en eru samt nauðsynlegar brýr. Hún málar orð á gólfið, eins og gárur á vatni og notar til þess jarðefni. Elín er með hljóðverk sem hún tengir bókinni, meðal annars hanagal. Þær spila allar bæði á gaman og alvöru í sinni list.“ – **gun**



**Konur þriggja kynslóða sýna í Listasafni Árnesinga en það eru þær Hildur Hákonardóttir, Elín Gunnlaugsdóttir og Eva Bjarnadóttir.** LJÓSMYND/INGA JÓNS



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Alfreð Eyjólfsson**
kennari og skólastjóri,
Marteinslaug 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. október. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 19. nóvember kl. 15.00.

**Guðjónía Bjarnadóttir**
**Kristín Alfreðsdóttir**
**Eyjólfur Bjarni Alfreðsson** **Þóra B. Valdimarsdóttir**
**Alfreð Jóhannes Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Ástkær bróðir okkar og frændi,

**Björgólfur Stefánsson Björgólfsson**
Háholti 13, Keflavík,

er látinn.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 19. nóvember kl. 13.00.

**Oddný Björgólfsdóttir** **Jóhann Björgólfsson**
**Þórólfur Beck** **Vilborg Einarsdóttir**
**Ólöf Oddný Beck**
**Eiríkur Beck**



✝

Innilegar þakkir fyrir stuðninginn í veikindum okkar ástkæru

**Lydíu Jónsdóttur**

og sýnda samúð og hlýhug við andlát og útför hennar.

**Einar Skaftason**
**Jón Arinbjörn Einarsson** **Bryndís Jenný Kjærbo**
**Edda Anika Einarsdóttir** **Elmar Ingvi Haraldsson**
**Jón Arinbjörn Ásgeirsson**
**Hjalti Hávarðsson**
**og barnabörn.**


HEITIR DAGAR
LOKADAGAR
AEG
SAMSUNG
15-20%
OFNAR HELLUBORÐ ÖRBYLGJUOFNAR
SKOÐIÐ FREKARI TILBOÐ Á
ORMSSON.IS
Tefal
ROMMELSBACHER
25%
20%
de BUYER
staub
en France
PÖNNUR POTTAR ELDFÖST MÓT OG MARGT FLEIRA...
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS
*SENDUM UM LAND ALLT
ORMSSON
Greiðslukjör
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 5 |
| Ísafjörður | 1 | 7 |
| Akureyri | 5 | 12 |
| Egilsstaðir | 3 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 5 |
| Hveravellir | -1 | 17 |

Suðaustan 15-23 og talsverð rigning eða slydda sunnan og vestan til með morgninum. Hægari og úrkomulítið norðan- og austanlands. Lægir og styttir að mestu upp vestan til síðdegis, en sunnan 13-18 og dálítil væta um landið norðaustanvert. Hlýnar, hiti 0 til 6 stig síðdegis.

## Laugardagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 4 |
| Ísafjörður | -1 | 8 |
| Akureyri | 0 | 2 |
| Egilsstaðir | -1 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 2 |
| Hveravellir | -6 | 6 |

## Laugardagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 4 |
| Ísafjörður | -1 | 8 |
| Akureyri | 0 | 2 |
| Egilsstaðir | -1 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 2 |
| Hveravellir | -6 | 6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 sárbeittur
5 ergja
6 frá
8 ræfill
10 tveir eins
11 spreia
12 íþróttafélag
13 vanefni
15 mylja
17 regnhéla

**LÓÐRÉTT**
1 dúkknál
2 kvk. nafn
3 tvennd
4 blómi
7 greiðsla
9 iðnaðarmaður
12 óforsjálni
14 þyrping
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 napur, 5 ama, 6 af, 8 garmur, 10 ll, 11 úða, 12 fram, 13 ekla, 15 kvarna, 17 ísing. **LÓÐRÉTT:** 1 naglrek, 2 amal, 3 par, 4 rauða, 7 framlag, 9 múrari, 12 flas, 14 kví, 16 nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Lasker átti leik gegn Steinitz árið 1895.

**1. Dxf4!! exf4 2. Rf6 1-0.** Þór Valtýsson og Tinna Kristín Finnbogadóttir eru efst og jöfn á U-2000 TR að lokinni fimmtu umferð mótsins. Í gær fór fram fimmta umferð EM taflfélaga þar sem Víkingaklúbburinn og Taflfélag Reykjavíkur taka þátt. Í dag fer fram sjötta og næstsíðasta umferð.

**www.skak.is:** EM taflfélaga.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

## Framtíð íslenskunnar



„Við þurfum skýra stefnu, hvort innflytjendur eigi að tala íslensku eða ekki," segir **Aneta Matuszewska** sem segir niðurskurð til íslenskukennslu fyrir innflytjendur stuðla að dauða íslenskrar tungu. Stjórnvöld hafi skorið niður fjármagn til íslenskukennslu um helming á áratug þó að innflytjendum hafi fjölgað mikið og þeir séu 43 þúsund í dag.

## Snyrtivörur úr lýsi



**Ásta Kristjánsdóttir** ljósmyndari stendur á tímamótum. Hún er nýlega fráskilin, varð amma í sumar og er að kynna á markað nýjar snyrtivörur og bætiefni sem hún hefur þróað úr lýsi. Þrátt fyrir allar þessar sviptingar segist hún aldrei hafa verið friðsælli og sterkari og deilir með lesendum aðferðum sínum til betra lífs.

## Alvarlegar afleiðingar umferðarslysa



**Ása Ottesen** ræðir um tvö alvarleg umferðarslys í fjölskyldu sinni og afleiðingarnar. Hún flytur ávarp á alþjóðlegum minningardegi á sunnudag um fórnarlömb bílslysa.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

### 15. NÓVEMBER 2019

**Hvað?** Málþing
**Hvenær?** 12.00-14.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Vísindafélag Íslands stendur fyrir málþingi um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum sem unnar hafa verið fyrir almannafé.

**Hvað:** Tangó praktika og milonga
**Hvenær:** 21.00-24.00
**Hvar:** Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentínskur tangó dunar. Praktika kl. 21-22 og milonga kl. 22-24. Dj er Atli og gestgjafi Snorri Sigfús. Opni tíminn ókeypis, milongan 1.000 kr.

**Hvað?** Sýning um nýtt skipulag Ártúnsholts
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Borgartún 12-14
Ný hverfissjá verður tekin í notkun.



**Guðný Guðmundsdóttir, ásamt Richard Simm, lætur Bach og Beethoven hljóma á hádegistónleikum á Kjarvalsstöðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Hádegistónar – Bach og Beethoven
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Flytjendur Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Geimhliðstæða: Tunglið á jörðinni
**Hvenær?** 12.10
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu
Ný sýning og listamannsspjall í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

**Hvað?** Útgáfuhóf
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hið íslenska bókmenntafélag, Hótel Sögu, norðanmegin
Í tilefni af útgáfu fræðiritsins Ísland í Eyjahafinu eftir Svein Yngva Egilsson.






# Guðjón Ketilsson og Ingunn Fjóla fjalla um verk sín

Laugardaginn 16. nóvember klukkan 15 munu listamennirnir Guðjón Ketilsson og Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir fjalla um verk sín sem unnin voru fyrir Multis.is og eru nú til sýnis í húsnæði Multis í Hjartagarðinum við Laugaveg 19.

Multis er vettvangur fyrir samtímalist sem býður upp á listaverk eftir virta og þekkta myndlistarmenn sem starfa í íslenskri listasenu og á alþjóðlegum vettvangi. Verkin eru í takmörkuðu upplagi til sölu á multis.is. Multis er eini vettvangurinn á Íslandi sem býður upp á sýningarstýrð fjölfeldisverk eftir íslenska samtímalistamenn.



**Guðjón Ketilsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Verk Ingunnar Fjólu.**

Verk Guðjóns er unnið sérstaklega fyrir Multis og ber titilinn Logn. Skúlptúrinn er 10 x 15 cm að stærð, samsettur úr tveimur einingum sem steyptar eru í svartan steinleir og festar á vegg. Verkið er gert í fimm árituðum eintökum en útfærslurnar eru þrjár.

Verk Ingunnar Fjólu Ingþórsdóttur, Mín hönd, þín hönd, er þrívítt málverk framleitt í einungis fimm eintökum. Með hverju verki leggur Ingunn Fjóla til handmálaðan viðarramma ásamt fyrirmælum sem eigendur verkanna fylgja og fullgera þannig verkin sjálfir.




# Allt fyrir baksturinn
## og undirbúning jólanna




24 arkir

**159** kr./pk.

**ES Bökunarpappír**
24 arkir

## Robin Klementínur

2,3kg




**795** kr./ks.

**Robin Klementínur**
2,3 kg




**359** kr./300 g

**Heima Suðusúkkulaði**
300 g




**198** kr./500 g

**Heima Smjörlíki**
500 g




**259** kr./pk.

**Maki Servíettur**
33x33 cm, 20 stk.

Jólailmur




**998** kr./stk.

**Ilmkerti 3ja þráða**
368 g, 5 teg.



**598** kr./stk.

**Kerti með dagatali**
25x5 cm

8stk.



**579** kr./pk.

**Stearin Kerti**
24 cm, 8 stk., rauð eða hvít



**198** kr./stk.

**Kubbakerti**
10x6 cm, rautt eða hvítt.



**298** kr./stk.

**Kubbakerti**
10x7 cm, rautt eða hvítt.



**398** kr./stk.

**Kubbakerti**
15x7 cm, rautt eða hvítt.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Íslenskar rjómasósur
Unnar úr íslensku hráefni



AÐEINS AÐ HITA

**498** kr./500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml
**Brún Sælkerasósa,** 500 ml



**Nýtt**
3 tegundir

**1.598** kr./kg

**ÍL Veislu Lambalæri**
Ferskt og kryddað, 3 tegundir



**200kr** afsláttur

Fulleldað

**679** kr./800 g

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.

SAMA VERÐ UM LAND ALLT



**298** kr./250 g

**Bónus Bóndabeikon**
Pressað, 250 g

## Kók í gleri



**129** kr./330 ml

**Coca-Cola í gleri**
venjulegt og Zero, 330 ml



2l

ÍSLENSK framleiðsla

**195** kr./2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar



**79** kr./330 ml

**Egils Appelsín**
venjulegt og sykurlaust, 330 ml

BÓNUS



EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00




föstudag kl. 9.05

Vera Illugadóttir rekur atburði úr mannkynssögunni á lifandi og áhugaverðan hátt.

HEIMSKVIÐUR



föstudag kl. 14

Fréttaskýringaþáttur þar sem fjallað er um heimsmálin á ítarlegan og lifandi hátt.

VÖLUSPÁ



laugardag kl. 10.15

Gísli Sigurðsson, sérfræðingur í þjóðfræði við Árnastofnun, fjallar um Völuspá og Brynhildur Guðjónsdóttir flytur kvæðið undir tónlist og áhrifahljóðum eftir Pétur Grétarsson.




laugardag kl. 11

Farið er yfir helstu fréttir vikunnar með fólkinu í fréttunum og fréttaskýrendum.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2018-2019 Fljótsdalshérað - Íslendinganýlendur**
**14.15 Stöðvarvík**
**14.45 Séra Brown**
**15.35 Söngvaskáld Eyjólfur Kristjánsson** Eyjólfur Kristjánsson flytur nokkur laga sinna við undirleik Jóns Ólafssonar.
**16.25 Íþróttagreinin mín - Vatnsrugby**
**16.55 Fyrir alla muni Skuggi yfir Reykjavík** Í þessum þætti er fjallað um hernám Breta á Íslandi árið 1940. Inn í það fléttast frásögn af Werner Gerlach, þáverandi ræðismanni Þýskalands á Íslandi, og við skoðum bíl sem hann er sagður hafa átt, auk ritvélar og tösku.
**17.20 Landinn** Landinn sækir sér mat niður í fjöru og fjallar um það hvernig hægt er að nýta þara betur. Við gefum blóð í Blóðbankabílnum, skoðum véltæknisafn Valdimars Benediktssonar á Egilsstöðum, förum á Blúshátíðina á Patreksfirði og teflum saman ólíkum kynslóðum á skákmótinu „Æskan og ellin“.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29 Tryllitæki**
**18.36 Krakkastígur Höfn** Við heimsækjum Höfn í Hornafirði. Hittum þrjá skemmtilega krakka þar sem við spjöllum um heima og geima í geggjuðu skipi sem er á höfninni. Krakkarnir sem við hittum þar heita: Ívar Goði Bragason, Solyana Natalie Feleksdóttir, Friðrik Snær Friðriksson.
**18.40 Krakkavikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Kappsmál** Skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í taugatrekkjandi stöfunarkeppni og sérhannaðri útgáfu af hengimanni og ýmsum öðrum þrautum. Keppendur í þessum þætti eru Svavar Pétur Eysteinsson, Berglind Häsler, Freyr Gígja Gunnarsson og Júlía Margrét Alexandersdóttir.
**20.40 Vikan með Gísla Marteini**
**21.25 Á vit draumanna** Breskir gamanþættir um hjónin Mal og Jen sem ákveða að flýja rigninguna í Bretlandi og flytjast til Flórída þar sem þau taka við rekstri á hjólhýsasvæði. En lífið í Ameríku reynist ekki alveg jafn ljúft og þau höfðu gert sér í hugarlund.
**22.10 Barnaby ræður gátuna - Undarlegir gestir**
**23.40 Draumórar**
**01.15 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 Mayakoba Golf Classic** Útsending frá Mayakoba Golf Classic á PGA-mótaröðinni.
**12.15 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**13.05 Mayakoba Golf Classic** Útsending frá Mayakoba Golf Classic á PGA-mótaröðinni.
**17.05 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**18.00 Mayakoba Golf Classic** Bein útsending frá Mayakoba Golf Classic á PGA-mótaröðinni.
**22.00 Turkish Airlines Open** Útsending frá Turkish Airlines Open á Evrópumótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Family Guy**
**14.15 The Voice US**
**15.00 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Will and Grace**
**19.45 Man with a Plan**
**20.10 The Voice US**
**21.40 If I Stay**
**23.30 Rocky 3**
**01.10 The Late Late Show**
**01.55 The First**
**02.45 Mayans M.C.**
**03.45 Kidding**
**04.10 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Skyndibitinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Múrinn 3. þáttur - Sameiningin**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Peter Frampton**
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 Wolves**
**13.30 Broken Flowers**
**15.15 3 Generations**
**16.50 Wolves**
**18.40 Broken Flowers**
**20.25 3 Generations**
**22.00 Holmes and Watson** Gamanmynd frá 2018 með Will Ferrell og John C. Reilly.
**23.35 At Any Price**
**01.20 55 Steps**
**03.10 Holmes and Watson**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Brother vs. Brother**
**10.10 Famous in Love**
**10.55 The New Girl**
**11.20 Hånd i hånd**
**12.05 Lose Weight for Good**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ghostbusters**
**14.45 Foodfight!**
**16.15 Seinfeld**
**16.40 Margra barna mæður**
**17.15 Mom**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Föstudagskvöld með Gumma Ben**
**20.00 X-Factor Celebrity**
**21.20 Upgrade**
**23.00 The Hate U Give**
**01.10 Mile 22**
**02.45 Superfly** Spennumynd um ungan eiturlyfjasala sem hefur grætt á tá og fingri en er búinn að fá nóg af bransanum og ákveður að draga sig í hlé eftir sinn síðasta díl. Ávinningurinn er mikill og sömuleiðis hættan því hann þarf að eiga við hættulega keppinauta og lögreglan er aldrei langt undan.

## STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 The Simpsons**
**21.15 American Dad**
**21.40 Barry**
**22.15 Lýðveldið**
**22.40 Euphoria**
**23.35 The Middle**
**00.00 The Last Man on Earth**
**00.25 Friends**
**00.50 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Þór Þ. - Grindavík** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**09.10 Nottingham Forest - Derby** Útsending frá leik Nottingham í ensku 1. deildinni.
**10.50 Dover - Southend** Útsending frá leik í FA Cup.
**12.30 Juventus - AC Milan** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**14.40 England - Svartfjallaland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**16.20 Tyrkland - Ísland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**18.00 Undankeppni EM - Mörkin**
**18.20 ÍR - Fjölnir** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**20.10 Keflavík - KR** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**22.10 Domino's körfuboltakvöld karla**
**23.50 UFC Now**
**00.40 Finnland - Liechtenstein** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**16.50 Finnland - Liechtenstein** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**19.35 Rúmenía - Svíþjóð** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**21.45 Undankeppni EM - Mörkin**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**TRUE BORÐSTOFUBORÐ** gráolíuborin eik, 2 plankar. L200 x D95 cm. 159.900 kr. Nú 127.900 kr. **JILA BORÐSTOFUSTÓLL** Svartur með svörtum fótum. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.

# Borðstofudagar

## 14.-25. NÓVEMBER

## 20-40% AF ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM OG BORÐBÚNAÐI













**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Eyða jólunum með mömmu Meghan

**Harry og Meghan ætla að eyða jólunum með Doriu, móður Meghan. Þau verða í Kaliforníu í ár þar sem þau hugsa nú sinn gang hvað varðar framtíð sína í konungsfjölskyldunni.**

Hertogahjónin Harry og Meghan ætla sér að eyða jólunum í ár, þeim fyrstu í lífi Archies litla, í Kaliforníu í Bandaríkjunum með móður Meghan. Þetta hefur fengist staðfest af hálfu talsmanna hjónanna, og frá er greint á vef CNN. Líkt og frettabladid.is greindi frá í gær höfðu hjónin ákveðið að dvelja fjarri konungsfjölskyldunni að þessu sinni. Þrálátur orðrómur hefur verið uppi um erjur á milli hjónanna og Elísabetar Englandsdrottningar í kjölfar heimildarmyndar þar sem þau töluðu opinskátt um samband sitt við fjölskyldumeðlimi. Haft er eftir talsmanni þeirra að ákvörðunin hafi verið tekin í fullu samráði og með leyfi drottningarinnar. Ákvörðunin sé í anda þess sem aðrir fjölskyldumeðlimir hafi áður gert af og til, það er að segja dvalið annars staðar en í Sandringham-höllinni með fjölskyldunni.

Harry og Meghan munu brátt ferðast til Bandaríkjanna þar sem þau ætla sér að vera í fríi og, ef marka má erlend götublöð, hugsa sinn gang hvað varðar framtíð þeirra innan bresku konungsfjölskyldunnar. Í umræddri heimildarmynd greindi Meghan meðal annars frá því að fjölmiðlaathyglin hefði reynst henni erfið. Í kjölfar þessa skrifuðu sjötíu breskar þingkonur undir bréf þar sem þær gagnrýndu fréttaflutning af hertogaynjunni. Þakkaði Meghan þeim persónulega fyrir stuðninginn.

**odduraevar@frettabladid.is**



**Parið ásamt Doriu Ragland, móður Meghan og ömmu Archies.** NORDICPHOTOS/GETTY





# JÓLASKREYTINGAKVÖLD BLÓMAVALS Í SKÚTUVOGI

Hið árlega og vinsæla Jólaskreytingakvöld Blómavals í Skútuvogi verður haldið **miðvikudaginn 20. nóvember kl. 19:00-21:00**. Skreytingameistarar Blómavals sýna allt það nýjasta í jólaskreytingum. Skráning er nauðsynleg, takmarkað sætaframboð og aðgangur ókeypis. Skráning á namskeid@husa.is eða síma 525 3000.

**Aðeins eitt kvöld að þessu sinni!**

# HELGARTILBOÐ

## Í BLÓMAVALI



-50%

**Jólastjarna stór og flott**

**999kr**

~~1.990kr~~



**Jólakaktus**
Verð frá:
**990kr**



Potta-plöntur
**20% AFSLÁTTUR**



Kerti
**20% AFSLÁTTUR**
Gildir einnig af ilmkertum



Gervijólatré
**20% AFSLÁTTUR**
Mikið úrval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



Við getum ekki kennt þér á net- og samfélagsmiðla...

En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!

FRETTABLADID.IS


# Evita loksins á Íslandi

Um helgina fara fram sýningar á söngleiknum Evita í Hörpu. **Jóhanna Guðrún** fer með titilhlutverkið. Öllu verður tjaldað til og tæplega hundrað manns á sviðinu þegar mest er.

Á morgun verður söngleikurinn Evita sýndur í fyrsta sinn hérlendis í Hörpu. Uppselt er á fyrstu sýninguna en enn eru eftir örfáir miðar á sýninguna á laugardagskvöld. TMB events rær svo á ný mið með svokallaðri matinee-sýningu eða síðdegissýningu á laugardeginum þar sem aukasýningu hefur verið bætt við klukkan 15.00 á laugardag. Algengt er á West End og Broadway að stærstu sýningarnar séu einnig sýndar um miðjan dag.

Verkið ætti að vera flestum kunnugt, enda um að ræða einn þekktasta söngleik heims, en hann er eftir þá Andrew Lloyd Webber og Tim Rice. Söngleikurinn fjallar um argentínsku þjóðhetjuna Evu Perón, sem fæddist í fátækt en varð svo eiginkona forseta landsins, Juans Perón. Sönkonan heimsþekkta Madonna fór með titilhlutverkið í kvikmynd sem kom út árið 1996.

Í íslensku uppsetningunni er það söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir sem fer með hlutverk Evu.

„Ég hef horft á myndina og lesið mikið um hana,“ segir Jóhanna og viðurkennir að þetta hafi ekki endilega verið eitthvert draumahlutverk áður en hún fékk það.

„Ég þurfti að læra allt frá grunni, ég þekkti ekki lögin fyrir utan auðvitað það frægasta, Don't Cry for Me Argentina. Mér finnst þetta samt alveg ótrúlega flott tónlist, sérstaklega því meira sem maður hlustar á hana. Hún er alveg hrikalega góð.“

Jóhanna segir æfingarnar hafa gengið vonum framar, allir hafi verið vel undirbúnir enda sé þetta frábær hópur af fólki sem standi að sýningunni; leikendur, tónlistarfólk og aðrir.

„Þetta er bara ótrúlega vel valinn hópur að mínu mati. Allir passa mjög vel í sín hlutverk.“

Það er ekkert talað í verkinu heldur er það allt sungið og það á ensku. West End leikarinn Simon Bailey fer með hlutverk sögumannsins Ché sem Antonio Banderas lék í kvikmyndinni.

## Heimsþekktur danshöfundur

Það er enginn annar en enski danshöfundurinn Lee Proud sem sér um sviðsetningu verksins. Hann hefur starfað jöfnum höndum á Íslandi, í West End og víðar og hlaut nýverið Grímuverðlaunin fyrir dans- og sviðshreyfingar ársins í sýningunni Matthildi.




**ÞETTA ER BARA ÓTRÚLEGA VEL VALINN HÓPUR AÐ MÍNU MATI. ALLIR PASSA MJÖG VEL Í SÍN HLUTVERK**

### Nóg að gera

Það er mikið að gera hjá Jóhönnu þessa dagana sem skutlast á milli æfinga alla daga milli þess sem hún sinnir móðurhlutverkinu.

„Seinustu ár hefur verið mikið að gera. Tíminn manns er aðeins dýrmætari eftir að maður varð foreldri líka,“ segir Jóhanna.

Seinna í mánuðinum er Jóhanna með jólatónleika ásamt Eyþóri Inga í Háskólabíói og svo í desember í Hofi á Akureyri. Sjálf verður hún svo með Þorláksmessutónleika í Vídalínskirkju, en á þá er nánast uppselt.

„Svo er ég alltaf á leið að gefa út, við erum komin með mikið af góðu efni og lög sem eru algjörlega geggjuð,“ segir Jóhanna.

Með önnur helstu hlutverk í Evitu fara Þór Breiðfjörð, Helgi Björnsson og Salka Sól, en það verða tæplega hundrað manns á sviðinu þegar með er talin hljómsveitin, kórinn, Söngsveitin Fílharmónía og SinfoniaNord. Tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni.

Miða á sýninguna er hægt að nálgast á tix.is

**steingerdur@frettabladid.is**


MYND/GASSI

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# SKATTFRJÁLS LESTUR!




**FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF ÖLLUM BÓKUM & TÍMARITUM ÚT ALLA HELGINA!**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 9,91% er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími verðlækkunnar er til og með 18. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000
Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is Prentun Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar



# Í manninn, ekki tölvuna!

Við lifum á tímum umburðarlyndis og virðingar fyrir öllu fólki og öllum hópum. Engu að síður hefur verið í gildi þögult samkomulag um að taka eina stétt út fyrir sviga að þessu leyti. Það eru íþróttadómarar.

Þessi stétt hefur verið atyrt og svívirt meira en flestar aðrar og tekur því af aðdáunarverðri auðmýkt og æðruleysi. Aldrei svara þeir fyrir sig, aldrei koma dómarar saman og öskra á áhorfendur eða gagnrýna leikmenn. Það sem meira er þá virðist enginn hörgull vera á áhugasömu fólki til að klæða sig í þrönga búninga, sem skilja ekkert eftir fyrir ímyndunaraflið, hlaupa upp og niður íþróttavelli fyrir framan þúsundir áhorfenda og henda sér svo á sverðið með leiftursnöggri ákvarðanatöku upp á líf eða dauða fyrir leikinn.

Tímarnir eru þó að breytast. Nú í haust tók enska úrvalsdeildin VAR-tæknina í notkun. Með henni getur dómari stöðvað leikinn og látið sérfræðinga í nærliggjandi herbergi skoða tiltekin vafaatvik á skjáum og skera úr um þau.

Fyrirfram hljómar þetta kannski skynsamlega en útkoman hefur verið fullkomið mannrán tækninnar á leiknum. Leikmenn þora ekki að fagna mörkum lengur og dómarar eru orðnir eins og unglingar með snjallsíma á stöðugu spjalli við félagana í tækniherberginu.

Það versta við þessa þróun er hins vegar að hið fallega ástar- og haturssamband áhorfenda og dómara er í uppnámi. Hvern á ég að hata eða eftir atvikum elska einlægt í nokkrar mínútur þegar úrskurðað er í einhverju fjarlægu bakherbergi um vítaspyrnu á lokamínútunni? Tölvubúnað og nafnlausa tæknimenn?

Ef stétt íþróttadómara fer í herferð til að berjast gegn tæknivæðingunni liggur slagorðið í augum uppi: Það er skemmtilegra að hata manneskjur af holdi og blóði!

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

LÍFIÐ ER GOTTERÍ
50% AFSLÁTTUR FIM-SUN
GOTTERÍ
Verð áður: 1.990
990 KR/KG
Kvikk ON THE GO

Charlotte Julien Dream your world™
HEILSURÚM
STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT
Jólin 2019
25% AFSLÁTTUR



ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING




LED-vasaljós
Klukka
Vekjaraklukka
Upp/niður höfðalag
Upp/niður fótasvæði
Rúm í flata stöðu
2 minni
Nudd
Bylgjunudd



Frí heimkeyrsla og uppsetning fylgir kaupum á stillanlegum rúmum á höfuðborgarsvæðinu.

DÝPRI OG BETRI SVEFN
Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:
· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

STILLANLEGT RÚM
VERÐDÆMI:
C&J Platinium botn með tveimur Serta Therapyste heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm.
Fullt verð: 569.800
427.350 kr.
JÓLAVERÐ

STILLANLEGT RÚM
VERÐDÆMI:
C&J Platinium botn með tveimur Tempur Original eða Cloud heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm.
Fullt verð: 769.800
577.350 kr.
JÓLAVERÐ

HÁGÆÐA DÚNVÖRUR Á 25 ÁRA AFMÆLISVERÐI





HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í 25 ÁR



QOD AFMÆLIS-DÚNSÆNG
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% dúnn, 10% smáfiður. 140x200 cm
100% bómullaráklæði.
25.000 kr. AFMÆLISVERÐ

QOD AFMÆLIS-DÚNKODDI
Þéttur og góður dúnkoddi. 80% hvítur andadúnn og 20% smáfiður. 50x75 cm.
920 gr. og 100% bómullaráklæði.
8.900 kr. AFMÆLISVERÐ

SATIN STRIPE DÚNKODDI
Þriggja laga dúnkoddi. Efra og neðra dúnlag með þéttum, hvítum andadún og smáfiðurkjarna. Bómullarsatínáklæði.
9.900 kr. AFMÆLISVERÐ

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK